



Ríkissaksóknari

Ársskýrsla

2013

Ársskýrsla 2013



Ríkissaksóknari

Bls. 4

1. Um ákærvaldið

- 1.1. Landshlutfundur ríkissaksóknari með ákærendum
- 1.2. Ákærendafélagið
- 1.3. Rannsókn á einkennum og meðferð tilkynntra nauðgana árin 2008 og 2009

Bls. 10

2. Tölulegar upplýsingar

- 2.1. Fjöldi mála og afdrif þeirra
- 2.2. Ákærðir
- 2.3. Einstakir brotaflokkar hjá ríkissaksóknara
- 2.4. Fallið frá saksókn
- 2.5. Skilorðsbundin ákærufrestun
- 2.6. Timalengd gæsluvarðhalds
- 2.7. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra
- 2.8. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga
- 2.9. Áfrýjunarmál
- 2.10. Sektarboð og sektargerðir

Bls. 36

3. Dómsmeðferð mála

- 3.1. Manndráp – tilraun til manndráps
- 3.2. Líkamsárásir
- 3.3. Ávana- og fíkniefnabrot
- 3.4. Kynferðisbrot
- 3.5. Rán og fjárkúgun
- 3.6. Brot gegn valdstjórninni
- 3.7. Brot í opinberu starfi

Efnisyfirlit

Bls. 50

4. Erlent samstarf

- 4.1. Samstarf ríkissaksóknara Norðurlanda
- 4.2. Evrópska réttaraðstoðin
- 4.3. European Judicial Network
- 4.4. Evrópusamstarf ríkissaksóknara
- 4.5. Alþjóðasamtök saksóknara
- 4.6. Beiðnir um framsal og réttaraðstoð
- 4.7. Norræn handtökuskipun

Bls. 54

5. Löggjafarmálefni

- 5.1. Almenn hegningarlög
- 5.2. Endurupptökunefnd
- 5.3. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins
- 5.4. Rannsókn samgönguslysa
- 5.5. Dýravernd
- 5.6. Umsagnir um lagafrumvörp ofl.

Bls. 58

6. Starfsmenn ríkissaksóknara

Bls. 60

7. Siðareglur ákæranda

1. kafli

Um ákæruvaldið

1.1. Landshlutfundur með ákærendum á árinu 2013

Ríkissaksóknari efndi til landshlutfunda með öllum lögreglustjórum og sérstökum saksóknara í lok árs 2013 og fóru fundirnir fram á starfsstöðvum lögreglustjóranna á Vestfjörðum, Akureyri, Selfossi, Borgarnesi, Egilsstöðum, höfuðborgarsvæðinu og á starfsstöð sérstaks saksóknara. Á fundunum var farið yfir stöðu mála hjá hverju embætti fyrir sig og meðferð ákærvalds.

Fyrir fundina óskaði ríkissaksóknari eftir skýringum frá lögreglustjórum og sérstökum saksóknara á einstökum málum eða málaflokkum og var því beint til þeirra að yfirfara skráningar mála í málaskrá (LÖKE) og gæta þess að mál væru rétt skráð.

1.2. Ákærendafélagið

Ákærendafélag Íslands var stofnað á árinu 2007. Í stjórn á árinu voru Jón H.B. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri sem jafnframt var formaður, Daði Kristjánsson, saksóknari, Arnþrúður Þórarinsdóttir, saksóknari, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, aðstoðarsaksóknari og Kolbrún Benediktsdóttir, saksóknari. Sú breyting var gerð á aðalfundi að bætt var við tveimur varamönnum í stjórn og kveðið á um að þeir yrðu boðaðir á stjórnarfundum en hefðu einungis atkvæðisrétt tækju þeir sæti aðalmanns. Karólína Finnbjörnsdóttir og Vilhjálmur Reyur Þórhallsson voru kjörin varamenn. Hlutverk ákærendafélagsins er m.a. að vinna að faglegum hagsmunamálum ákærenda, stuðla að bættri þekkingu félagsmanna sinna á sviði sakamálaréttarfars og refsiréttar, stuðla að upplýstri umræðu og skoðanaskiptum í samfélaginu um hlutverk ákærenda, meðferð refsímála og annað sem snertir störf ákærenda og að hafa áhrif á og taka þátt í samningu lagaframvarpa og veita ráðgjöf til stjórnvalda og Alþingis um löggjöf og lagaframkvæmd.

1.3. Rannsókn á einkennum og meðferð tilkynntra nauðgana árin 2008 og 2009

Árið 2013 birtust niðurstöður rannsóknar um helstu einkenni tilkynntra nauðgana sem lögregla hafði til rannsóknar á árunum 2008 og 2009. Rannsóknin var unnin við stofnun Eddu-öndvegisseturs við Háskóla Íslands, í samstarfi við innanríkisráðuneytið, af þeim Hildi Fjólu Antonsdóttur mann- og kynjafræðingi, og Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur lögfræðingi. Rannsóknin var styrkt af Norræna sakfræðiráðinu, Mannréttindasjóði innanríkisráðuneytisins og innanríkisráðherra.

Ríkissaksóknari veitti rannsakendum heimild til aðgangs að gögnum málanna og þá fengu rannsakendur vinnuáðstöðu hjá embætti ríkissaksóknara og einnig hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

Farið var yfir öll nauðgunarmál sem tilkynnt voru til lögreglu á landsvísu á árunum 2008 og 2009 sem heimfærð voru undir ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Niðurstöður rannsóknarinnar byggja á greiningu á alls 164 nauðgunarmálum. Leitast var við að skoða sérkenni málanna en ekki var lagt mat á gæði lögreglurannsóknar eða mat um sönnun hjá embætti ríkissaksóknara. Rannsóknin tók til tveggja þátta, annarsvegar að greina helstu einkenni nauðgunarmálanna og hinsvegar hver afdrif málanna urðu hjá lögreglu og ríkissaksóknara. Þá var kannaður málsmeðferðartími hjá lögreglu, ríkissaksóknara og loks hjá dómstólum. Til grundvallar niðurstöðum lágu fyrst og fremst frásagnir brotþola í lögregluskýrslum af atvikum.

Eftirfarandi þættir voru kannaðir:

- 1) hvenær mál var tilkynnt til lögreglu og hvort kæra var lögð fram;
- 2) lýsing brotþola á broti, aðdraganda þess og aðstæðum, einkennum brotþola og afleiðingar á brotþola samkvæmt fyrirliggjandi vottorði;
- 3) lýsing sakbornings á atvikum, aðdraganda og aðstæðum og einkennum sakbornings;
- 4) verknaðarstund;
- 5) brotavettvangur;
- 6) rannsókn málsins hjá lögreglu, afdrif málsins hjá ríkissaksóknara og eftir atvikum niðurstaða fyrir dómi.

Helstu einkenni á nauðgunarmálum sem voru til rannsóknar hjá lögreglu

Helstu niðurstöður hvað varðar einkenni nauðgunarmálanna voru þær að brotþolar voru iðulega ungar konur og í um 40% mála voru brotþolar stúlkur undir 18 ára aldri og því börn að lögum. Rúmlega helmingur sakborninga voru ungir karlar á aldrinum 18-29 ára. Brotþolar og sakborningar voru í langflestum tilvikum íslensk en þó var hlutfall erlendra geranda nokkuð hátt. Brotþolar og sakborningar þekktust lítið eða ekkert í tæplega helmingi málanna en í um helmingi málanna var um kunningja-, vina- eða fjölskyldutengsl að ræða. Í langflestunum málum hafði verið einhver aðdragandi að broti, til að mynda þannig að aðilar hófu samskipti inni á heimili eða á skemmtistað. Verknaðarstund var oftast eftir miðnætti og um helgar. Brotin áttu sér oftast stað á milli kl. 24 og 09. Mikill meirihluti málanna tengdist jafnframt áfengisneyslu.

Hvað varðar verknaðaraðferðir leiddi rannsóknin í ljós að gerendur beittu afli af einhverjum toga í um 40% málanna. Í um fjórðungi málanna misnotuðu gerendur sér rænuleysi brotaþola og því var ekki um eiginlega valdbeitingu að ræða. Í um fimmtungi málanna einkenndist valdbeitingin helst af aðstöðumun aðila.

Viðbrögð og mótspyrna brotaþola einkenndust oft af því að brotaþola höfðu mótmælt gerendum. Þegar mótmæli þeirra voru virt að vettugi einkenndust viðbrögðin af hræðslu og/eða áfalli þannig að brotaþoli sýndi í kjölfarið enga líkamlega mótspyrnu. Í nokkrum hluta málanna streittust brotaþolar á móti og í nokkrum málum sýndu brotaþolar virka líkamlega mótspyrnu.

Rannsóknargögn lögreglu báru með sér að brotaþolar höfðu undirgengist lækni skoðun í kjölfar brotins í um helmingi nauðgunarmála. Algengustu líkamlegu áverkar voru yfirborðsáverkar en alvarlegir líkamlegir áverkar, eins og skurðir, blæðingar eða beinbrot, voru afar sjaldgæfir. Í 45% mála leitaði brotaþoli til lögreglu innan sólarhrings og 10% brotaþola tilkynnti brotið til lögreglu innan þriggja daga. Önnur mál voru tilkynnt síðar og sum löngu eftir að þau voru framin.

Afstaða sakborninga til sakarefnis var nær alltaf sú að neita sök, ýmist þannig að sakborningar neituðu alfarið að hafa átt í kynferðislegu samneyti við brotaþola eða þannig að þeir könnuðust við að hafa haft samræði við brotaþola en kváðu það hafa verið með samþykki. Aðeins fjórir sakborningar játuðu sök. Af þeim málum sem lögregla vísaði til ríkissaksóknara lágu fyrir upplýsingar í gögnum um sakaferil sakborninga í um helmingi málanna, eða í 42 málum. Í þessum málum höfðu rúmlega helmingur sakborninga (52,4%) sakaferil að baki en tæpur helmingur hafði engan sakaferil (47,6%). Þegar kannaður var sakaferill þeirra sakborninga sem sættu ákæru héldust hlutföllin nánast óbreytt, þ.e. 50% áttu sakaferil að baki en 50% höfðu ekki áður hlotið dóm.

Rannsóknargögn í nauðgunarmálum

Kannað var hvaða gagna aflað var við rannsókn lögreglu á nauðgunarmálum. Í flestum málum lá fyrir kæruskýrsla brotaþola. Í nokkrum málum lá vitnisburður brotaþola ekki fyrir en þá var um að ræða mál þar sem brotaþoli hafði ekki lagt fram kæru. Skýrslur með framburði sakborninga lágu einnig oftast fyrir, en framburður sakborninga lá ekki alltaf fyrir í gögnunum, þ.e. vegna þess að brotaþoli hafði ekki lagt fram kæru. Þá lágu oftast fyrir vitnaskýrslur í málum en fjöldi vitnaskýrslna var nokkuð misjafn eftir málum. Algeng gögn voru skýrsla frá Neyðarmóttöku um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola. Sakborningar gengust í nokkrum tilvikum undir líkamsrannsókn hjá lögreglu í kjölfar handtöku. Lífssýni eða önnur sönnunargögn sem fundust við rannsókn lögreglu voru rannsökuð af Tæknideild lögreglu og niðurstöður slíkra rannsókna lágu fyrir í skýrslu Tæknideilda. Þá lágu oft fyrir í rannsóknargögnum lögreglu ljósmyndir af brotavettvangi. Svokölluð símagögn lágu einnig fyrir í nokkrum hluta mála og tölvugögn lágu einnig fyrir í nokkrum málum, svo sem samskipti á msn eða facebook síður. Þá rannsakaði lögregla stundum upptökur úr öryggismyndavélum utandyra. Af þessu má sjá að rannsóknarvinna lögreglu var nokkuð fjölbreytt og tók mið af ólíkum aðstæðum í hverju máli fyrir sig, svo sem eftir því hvort fyrir lá hver gerandi var eða hvort hann var óþekktur.

Þá lá oft fyrir skýrsla sálfræðings um andlegar afleiðingar brots á brotaþola og í einhverjum tilvikum högum brotaþola fyrir brotið. Í málum sem hófust í kjölfar tilkynningar frá barnaverndaryfirvöldum lágu fyrir bréf þar sem gerð var grein fyrir ástæðum þess að óskað var eftir rannsókn lögreglu. Áfengismagn var stundum mælt í blóði brotaþola og/eða sakborninga í þeim málum sem voru áfengistengd og í málum sem Neyðarmóttaka eða lögregla fékk til meðferðar mjög skömmu eftir að brotið var framið. Í einstaka málum lá fyrir efnagreining vegna fíkniefna eða lyfja. Í 14 málum lágu fyrir niðurstöður DNA greininga en sýnin eru send erlendis til rannsókna. Þá fór fram myndsakbendingu í nokkrum málum. Í nokkrum málum lágu fyrir gögn vegna leitar lögreglu að bifreiðum. Ýmis önnur gögn lágu fyrir í rannsóknargögnum, svo sem dagbókarfærslur lögreglu og stuttar greinargerðir í þeim málum þar sem brotaþoli hafði ekki lagt fram kæru.

Röksemdir lögreglu fyrir því að hætta rannsókn mála með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála lutu oftast að því að engin vitni hafi verið í málinu, ásetningur sakborninga þótti ósannaður, sakborningur bar við samþykki, sönnunargögn þóttu ekki nægileg í málinu, að orð væri á móti orði og að framburður vitna styddu ekki frásögn brotaþola af atvikum.

Rökstuðningur ríkissaksóknara fyrir því að fella niður nauðgunarmál með vísan til 145. gr. laga um meðferð sakamála var margþættur. Í bréfi til brotaþola eru málavextir reifaðir, sem og sönnunarstaða málsins, og þá er rökstutt hvers vegna mál þyki ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Þess ber að geta að yfirleitt voru nokkur atriði nefnd sem ástæða fyrir niðurfellingu máls og var því um heildarmat á sönnunarstöðu í málum að ræða. Var um samspil þessara ólíku þátta að ræða en ekki þannig að ein aðalástæða væri nefnd fyrir niðurfellingu máls. Oftast var vísað til þess í rökstuðningi fyrir niðurfellingu máls að sakborningur hefði neitað sök og/eða borið við að brotaþoli hefði samþykkt samræði. Þá var mjög oft vísað til þess að engin vitni væru sem gætu borið um atvik máls eða að ekki væru fyrir hendi næg sönnunargögn að öðru leyti sem gætu stutt framburð brotaþola. Algengur rökstuðningur var að um orð gegn orði væri að ræða, en einnig kom nokkuð oft fram í rökstuðningi að framburður vitna styddi ekki frásögn brotaþola af atvikum máls, þar sem vitni höfðu borið um ákveðin atvik málsins á annan hátt en brotaþoli. Í áfengistengdum málum var nokkuð um að ósannað teldist að ölvun brotaþola hefði verið svo mikil að viðkomandi hafi ekki getað spornað við verknaðinum. Í nokkrum málum var talið óljóst hvernig áverkar á brotaþola væru tilkomnir. Í sumum málum var talið að ósannað að sakborningur hefði beitt þvingunum til að ná fram vilja sínum og einnig var talið ósannað í sumum málum að sakborningur hefði átt að vita að brotaþoli hefði ekki viljað samræði, það er að segja að ásetningur sakborninga var talinn ósannaður. Þá var í nokkrum málum vísað meðal annars til þess að ekki lægju fyrir næg gögn sem upplýst gætu um atvik málsins og einnig kom fram í einhverjum málum að brotaþoli mundi illa atvik máls.

Framkvæmd voru martektarpróf til að kanna hvaða aðrir þættir hefðu áhrif á málalok hjá ríkissaksóknara. Marktækur munur reyndist á eftirfarandi þáttum: Oftar var ákært í nauðgunarmálum sem tilkynnt höfðu verið til lögreglu samdægurs en í málum sem tilkynnt höfðu verið síðar. Oftar var gefin út ákæra í málum þar sem sakborningur hafði verið handtekinn. Oftar var ákært í málum þar sem fyrir lágu gögn um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola sem og í málum þar sem brotaþoli hafði leitað til sálfræðings í kjölfar brots. Þá var oftast gefin út ákæra í málum þar sem sakborningur sagðist hafa fengið sáðfall við verknaðinn. Marktækur munur reyndist á málalokum eftir því hversu langur tími leið frá því að mál barst lögreglu og þar til sakborningur var yfirheyrður. Meðaldagafjöldi sem leið frá því að mál barst lögreglu og þar til sakborningur var yfirheyrður var 8 dagar í málum sem leiddu til ákæru en 34 dagar í málum sem felld voru niður. Meðalaldur sakborningar í málum sem leiddu til ákæru var 32,9 ár en meðalaldur í málum sem felld voru niður var lægri eða 25,9 ár. Í málum sem leiddu til ákæru áttu sakborningar oftast við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða og/eða áttu við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða. Munurinn hvað varðar áfengis- og/eða vímuefnavanda sakborninga birtist þannig að nauðungarmál voru mun oftast felld niður þar sem sakborningar áttu ekki við slík vandamál að stríða. Mál þar sem brotaþoli hafði verið undir áfengis- og vímuefnaáhrifum á verknaðarstundu voru oftast felld niður.

Heildartölur um afdrif nauðgunarmála

Alls hafði lögregla 164 nauðgunarmál til meðferðar á árunum 2008 og 2009. Ástæðum þess að lögregla hætti að rannsaka mál var skipt í tvo flokka. Annarsvegar mál þar sem rannsókn var hætt af formlegum ástæðum, svo sem að málin voru fyrnd, sakborningar voru ósakhæfir, brotaþoli lagði ekki fram kæru, sakborningar voru óþekktir eða fundust ekki við rannsókn lögreglu. Rannsókn var hætt í 62 málum af formlegum ástæðum, sem samsvarar 37,8% málanna.

Þá stóðu eftir 102 nauðgunarmál. Af þeim hætti lögregla rannsókn af efnislegum ástæðum í 27 málum, eða 26,5% mála. Þær ástæður sem sjá mátti voru meðal annars þær að mál þóttu ekki líklegt til sakfellis, að ekki var grundvöllur fyrir frekari rannsókn, að ekki var efni til rannsókna, kæra var dregin til baka, en í meirihluta mála lágu aðrar efnislegar ástæður að baki. Alls vísaði því lögregla 75 málum til ríkissaksóknara til ákvörðunar um saksókn. Lögregla vísaði því 73,5% mála til ríkissaksóknara. Af þessum 75 málum voru 46 felld niður, 61,3%, en ákæra var gefin út í 29 málum, eða 38,7% mála.

Málsmeðferð fyrir dómstólum

Dómstólar landsins höfðu því 29 nauðgunarmál til meðferðar á rannsóknartímabilinu og af því var sakfelld fyrir nauðgun eða önnur vægari kynferðisbrot í 21 máli, 72,4%, en sýknað var í 8 málum, 27,6%. Þegar litið er til þeirra 102 nauðgunarmála sem lögregla hafði til meðferðar sem getið var að framan má sjá að heildarsakfellingarhlutfall var 20,6% á rannsóknartímabilinu. Meðallengd fangelsisdóma var tæp þrjú ár. Ákærðu hlutu allt frá 6 mánaða fangelsi til 8 ára fangelsisdóms. Í einu málanna var ákærði dæmdur til að sæta 3 ára öryggisgæslu vegna ósakhæfis. Tveir hinna ákærðu voru sakfelldir fyrir nauðgun gegn tveimur brotaþolum.

Málsmeðferðartími hjá ríkissaksóknara og lögreglu

Málsmeðferðartími hjá ríkissaksóknara var einnig kannaður. Meðalmálsmeðferðartími í málum sem felld voru niður var 39 dagar en meðalmálsmeðferðartími var 56 dagar í málum þar sem ákæra var gefin út. Miðtala var 84 dagar í málum sem felld voru niður, þ.e. málsmeðferð í helmingi málanna tók 84 daga eða skemur, en miðtala í málum þar sem ákæra var gefin út var 41 dagur. Hér þarf þó að geta þess að aðeins lágu fyrir upplýsingar um málsmeðferðartíma í 48 málum af 88, þar sem dagsetning þegar málið barst ríkissaksóknara lá ekki alltaf fyrir í málgögnum.

Meðalmálsferðartími málanna hjá lögreglu var 135 dagar. Rannsókn mála hjá kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu tók að meðaltali styttri tíma en hjá öðrum embættum, eða 122 daga, en hjá öðrum embættum var meðaltíminn 161 dagur. Ekki reyndist unnt að sjá málsmeðferðartíma af gögnum lögreglu í öllum málum. Þegar kannaður var málsmeðferðartími í þeim málum þar sem upplýsingar um þetta atriði lágu fyrir og þar sem kæra var lögð fram, voru nauðgunarmálin alls 91 talsins. Meðalmálsmeðferðartími var þá 158 dagar. Miðtalan fyrir landið allt var 134 dagar, sem þýðir að helmingur málanna tók 134 daga eða skemur í rannsókn. Málsmeðferðartími hjá lögreglu hefur styst verulega frá því á árunum 2001-2006 þegar hann var 210 dagar að meðaltali

Málsmeðferðartími frá útgáfu ákæru til dóms

Málsmeðferðin tók að meðaltali 115 daga frá því að ákæra var gefin út og þar til dómur féll í héraði, eða allt frá 21 degi til 246 daga. Í helmingi málanna tók málsmeðferð fyrir héraðsdómi 106 daga eða minna.

Alls hafði Hæstiréttur 16 nauðungarmál til meðferðar á tímabilinu. Kannað var sérstaklega hve langur tími leið frá því að dómur féll í héraði og þar til dómur féll í Hæstarétti. Málsmeðferð fyrir Hæstarétti tók að meðaltali 247 daga, eða allt frá 114 dögum og lengst var hún 447 dagar. Málsmeðferð í helmingi málanna tók 232 daga eða skemur. Þegar kannaður var heildarmálsmeðferðartími, þ.e. allt frá kæru og þar til endanlegur dómur í máli kom í ljós 509 dagar liðu að meðaltali, eða eitt ár og tæplega fimm mánuðir. Miðgildið var um mánuði hærra, eða um eitt ár og tæplega sex mánuðir, þannig að um helmingur málanna var afgreiddur á tæplega einu og hálfu ári.

2. kafli

Tölulegar upplýsingar

2.1. Fjöldi mála og afdrif þeirra

Hér gefur að líta fjölda brota sem afgreidd voru af ákærvaldinu á árinu 2013, greind eftir brotaflokkum. Vakin er athygli á að um er að ræða afgreidd brot, ekki fjölda kæra. Brotin geta hafa verið kærð til lögreglu fyrir 2013 og þá geta brot sem kærð voru 2013 enn verið óafgreidd af ákærvaldinu. Fyrsta taflan geymir upplýsingar um heildarfjölda afgreiddra brota í málum á landinu öllu. Á eftir fylgja töflur með tölum um afgreidd brot í málum hjá hverju embætti. Undanskilin eru mál sem afgreidd voru með lögreglustjórásáttum og mál sem vísað var frá eða rannsókn hætt í. Næst koma töflur um samanburð á milli ára að því er varðar heildarfjölda afgreiddra brota og brot afgreidd hjá einstökum embættum. Áréttað er að tölurnar vitna um fjölda brota en í hverju máli geta verið fleiri en eitt brot.

Skýringar með töflum:

Niðurfelld mál: Mál er felld niður þegar ákærandi telur að það sem komið hefur fram við rannsókn sé ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis í dómsmáli á hendur sakborningi, sbr. 145. gr. laga um meðferð sakamála.

Fallið frá saksókn: Þótt ákærandi telji að það sem fram hefur komið við rannsókn sé nægilegt til sakfellis í dómsmáli á hendur sakborningi hefur hann vissa heimild samkvæmt 146. gr. laga um meðferð sakamála til að láta við svo búið standa og falla frá saksókn.

Öll mál									
Allt landið	Alls fjöldi	Ákæur fjöldi	Ákæur %	Fallið frá saksókn fjöldi	Fallið frá saksókn %	Niðurfelld mál fjöldi	Niðurfelld mál %	Ákærufræstun fjöldi	Ákærufræstun %
ALMENN HEGNINGARLÖG									
Brot gegn valdstjórninni	78	59	76	0	0	17	22	2	3
Brot á almannafriði og allsherjarreglu	1	1	100	0	0	0	0	0	0
Brot í opinberu starfi	53	5	9	3	6	45	85	0	0
Rangur framburður og rangar sakargiftir	23	14	61	0	0	8	35	1	4
Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil	1	0	0	0	0	0	0	1	100
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	78	47	60	8	10	17	22	6	8
Brot, sem hafa í för með sér almannahættu	58	45	78	2	3	11	19	0	0
Sifskaparbrot	3	3	100	0	0	0	0	0	0
Kynferðisbrot	268	138	51	4	1	125	47	1	0
Manndráp og líkamsmeiðingar	543	323	59	21	4	189	35	10	2
Brot gegn frjálssræði manna	46	26	57	0	0	20	43	0	0
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	146	81	55	7	5	56	38	2	1
Auðgunarbrot	1057	583	55	293	28	154	15	27	3
Ýmis brot er varða fjárréttindi	251	167	67	19	8	55	22	10	4
Ýmis brot er varða fjárréttindi	309	198	64	26	8	81	26	4	1
SÉRREFSILÖG									
Skattalög	61	59	97	0	0	2	3	0	0
Tollalög	23	15	65	0	0	8	35	0	0
Lög um ávana- og fíkniefni	699	647	93	7	1	45	6	0	0
Vopnalög	101	78	77	2	2	21	21	0	0
Veiðilög	7	2	29	0	0	5	71	0	0
Lög um fiskveiðar	19	18	95	0	0	1	5	0	0
Lög um siglingar og útgerð	8	8	100	0	0	0	0	0	0
Áfengislög	58	45	78	5	9	8	14	0	0
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	1330	1245	94	10	1	64	5	11	1
Ölvunarakstur	296	267	90	0	0	29	10	0	0
Fíkniefnaakstur	552	534	97	2	0	16	3	0	0
Lyfjaakstur	5	5	100	0	0	0	0	0	0
Önnur sérrefsilög	203	132	65	6	3	64	32	1	0
ALLS	5968	4547	76,2	389	6,5	960	16,1	72	1,2

Ríkissaksóknari

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls fjöldi		Ákærur %		Fallið frá saksókn fjöldi %		Niðurfelld mál fjöldi %		Ákærufrestun fjöldi %	
	Brot gegn valdstjórninni	73	59	81	0	0	14	19	0	0
Brot á almannafriði og allsherjarreglu	1	1	100	0	0	0	0	0	0	
Brot í opinberu starfi	53	5	9	3	6	45	85	0	0	
Rangur framburður og rangar sakargiftir	21	13	62	0	0	8	38	0	0	
Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil	1	0	0	0	0	0	0	1	100	
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	4	4	100	0	0	0	0	0	0	
Brot, sem hafa í för með sér almannahættu	43	34	79	0	0	9	21	0	0	
Sifskaparbrot	3	3	100	0	0	0	0	0	0	
Kynferðisbrot	267	138	52	4	1	124	46	1	0	
Manndráp og líkamsmeiðingar	164	115	70	0	0	47	29	2	1	
Brot gegn frjálsræði manna	38	25	66	0	0	13	34	0	0	
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	38	25	66	1	3	12	32	0	0	
Auðgunarbrot	85	57	67	0	0	28	33	0	0	
Ýmis brot er varða fjárréttindi	26	24	92	0	0	2	8	0	0	
SÉRREFSILÖG										
Skattalög	9	9	100	0	0	0	0	0	0	
Lög um ávana- og fíkniefni	25	21	84	2	8	2	8	0	0	
Vopnalög	15	10	67	0	0	5	33	0	0	
Áfengislög	3	3	100	0	0	0	0	0	0	
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	100	99	99	0	0	1	1	0	0	
Ölvunarakstur	19	19	100	0	0	0	0	0	0	
Fíkniefnaakstur	19	18	95	0	0	1	5	0	0	
Lyfjaakstur	1	1	100	0	0	0	0	0	0	
Önnur sérrefsilög	60	33	55	1	2	26	43	0	0	
Önnur sérrefsilög	27	19	70	0	0	8	30	0	0	
ALLS	1068	716	67,0	11	1,0	337	31,6	4	0,4	

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur	Fallið frá saksókn	Niðurfelld mál	Ákærufrestun
	fjöldi	fjöldi	%	fjöldi	%
Brot gegn valdstjórninni	3	0	0	2	67
Rangur framburður og rangar sakargiftir	2	1	50	0	0
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	31	17	55	6	19
Brot, sem hafa í för með sér almannahættu	2	0	0	1	50
Kynferðisbrot	1	0	0	1	100
Manndráp og líkamsmeiðingar	216	117	54	79	37
Brot gegn frjálsræði manna	2	0	0	2	100
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	58	28	48	25	2
Auðgunarbrot	682	324	48	69	10
Ýmis brot er varða fjárréttindi	95	39	41	35	37
SÉRREFSILÖG					
Tollalög	22	14	64	8	36
Lög um ávana- og fíkniefni	390	369	95	18	5
Vopnalög	56	48	86	6	11
Lög um siglingar og útgerð	1	1	100	0	0
Áfengislög	17	13	76	2	12
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	607	561	92	27	4
Ölvunarakstur	162	143	88	19	12
Fíkniefnaakstur	281	274	98	6	2
Lyfjaakstur	3	3	100	0	0
Önnur sérrefsilög	59	42	71	13	22
Önnur sérrefsilög	49	20	41	25	51
ALLS	2690	1994	74,1	319	11,9

Lögreglustjórinn á Akranesi

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur	Fallið frá saksókn	Niðurfelld mál	Ákærufrestun
	fjöldi	fjöldi	%	fjöldi	%
Manndráp og líkamsmeiðingar	16	13	81	3	19
Brot gegn frjálsræði manna	1	1	100	0	0
Auðgunarbrot	13	13	100	0	0
Ýmis brot er varða fjárréttindi	12	10	83	0	0
SÉRREFSILÖG					
Lög um ávana- og fíkniefni	9	9	100	0	0
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	28	28	100	0	0
Ölvunarakstur	5	5	100	0	0
Fíkniefnaakstur	7	7	100	0	0
ALLS	91	86	94,5	3	3,3

Lögglustjórinn í Borgarnesi

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur		Fallið frá saksókn		Niðurfelld mál		Ákærufræstun	
	fjöldi	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	2	2	100	0	0	0	0	0	0
Manndráp og líkamsmeiðingar	5	4	80	0	0	1	20	0	0
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	2	2	100	0	0	0	0	0	0
Auðgunarbrot	8	5	63	0	0	0	0	3	38
Ýmis brot er varða fjárréttindi	4	3	75	0	0	0	0	1	25
SÉRREFSILÖG									
Lög um ávana- og fíkniefni	16	16	100	0	0	0	0	0	0
Vopnalög	3	3	100	0	0	0	0	0	0
Áfengislög	4	4	100	0	0	0	0	0	0
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	31	31	100	0	0	0	0	0	0
Ölvunarakstur	14	14	100	0	0	0	0	0	0
Fíkniefnaakstur	21	21	100	0	0	0	0	0	0
Önnur sérrefsilög	8	8	100	0	0	0	0	0	0
ALLS	118	113	95,8	0	0,0	1	0,8	4	3,4

Lögglustjórinn í Stykkishólmi

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur		Fallið frá saksókn		Niðurfelld mál		Ákærufræstun	
	fjöldi	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	1	1	100	0	0	0	0	0	0
Manndráp og líkamsmeiðingar	4	1	25	0	0	3	75	0	0
Auðgunarbrot	2	0	0	0	0	1	50	1	50
SÉRREFSILÖG									
Lög um ávana- og fíkniefni	1	1	100	0	0	0	0	0	0
Vopnalög	1	1	100	0	0	0	0	0	0
Lög um fiskveiðar	3	3	100	0	0	0	0	0	0
Lög um siglingar og útgerð	3	3	100	0	0	0	0	0	0
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	18	18	100	0	0	0	0	0	0
Ölvunarakstur	1	1	100	0	0	0	0	0	0
Fíkniefnaakstur	3	3	100	0	0	0	0	0	0
ALLS	37	32	86,5	0	0,0	4	10,8	1	2,7

Lögrelustjórinn á Vestfjörðum

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur		Fallið frá saksókn		Niðurfelld mál		Ákærufrestun		
	fjöldi	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	
Manndráp og líkamsmeiðingar	7	3	43	3	43	1	14	0	0	
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	5	3	60	0	0	2	40	0	0	
Auðgunarbrot	20	9	45	0	0	10	50	1	5	
Ýmis brot er varða fjárréttindi	8	5	63	0	0	3	38	0	0	
SÉRREFSILÖG										
Lög um ávana- og fíkniefni	18	16	89	0	0	2	11	0	0	
Vopnalög	6	4	67	0	0	2	33	0	0	
Veiðilög	2	0	0	0	0	2	100	0	0	
Lög um fiskveiðar	3	3	100	0	0	0	0	0	0	
Lög um siglingar og útgerð	2	2	100	0	0	0	0	0	0	
Áfengislög	4	4	100	0	0	0	0	0	0	
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	11	9	82	1	9	1	9	0	0	
Ölvunarakstur	7	6	86	0	0	1	14	0	0	
Fíkniefnaakstur	9	8	89	0	0	1	11	0	0	
Önnur sérrefsilög	2	2	100	0	0	0	0	0	0	
ALLS	104	74	71,2	4	3,8	25	24,0	1	1,0	

Lögrelustjórinn á Blönduósi

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur		Fallið frá saksókn		Niðurfelld mál		Ákærufrestun		
	fjöldi	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	
Manndráp og líkamsmeiðingar	3	0	0	0	0	3	100	0	0	
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	1	0	0	0	0	1	100	0	0	
Auðgunarbrot	3	3	100	0	0	0	0	0	0	
Ýmis brot er varða fjárréttindi	1	1	100	0	0	0	0	0	0	
SÉRREFSILÖG										
Lög um ávana- og fíkniefni	1	1	100	0	0	0	0	0	0	
Áfengislög	1	0	0	1	100	0	0	0	0	
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	13	11	85	0	0	2	15	0	0	
Ölvunarakstur	3	2	67	0	0	1	33	0	0	
Fíkniefnaakstur	1	1	100	0	0	0	0	0	0	
ALLS	27	19	70,4	1	3,7	7	25,9	0	0,0	

Lögrelustjórinn á Sauðárkróki

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur		Fallið frá saksókn		Niðurfelld mál		Ákærufrestun		
	fjöldi	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	
Manndráp og líkamsmeiðingar	2	2	100	0	0	0	0	0	0	
Auðgunarbrot	2	0	0	0	0	2	100	0	0	
Ýmis brot er varða fjárréttindi	1	1	100	0	0	0	0	0	0	
SÉRREFSILÖG										
Lög um ávana- og fíkniefni	1	1	100	0	0	0	0	0	0	
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	10	10	100	0	0	0	0	0	0	
Fíkniefnaakstur	1	1	100	0	0	0	0	0	0	
ALLS	17	15	88,2	0	0,0	2	11,8	0	0,0	

Lögglustjórinn á Akureyri

	Alls fjöldi	Ákærur fjöldi	%	Fallið frá saksókn fjöldi	%	Niðurfelld mál fjöldi	%	Ákærufræstun fjöldi	%
ALMENN HEGNINGARLÖG									
Brot gegn valdstjórninni	1	0	0	0	0	0	0	1	100
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	8	1	13	0	0	7	88	0	0
Manndráp og líkamsmeiðingar	27	17	63	1	4	8	30	1	4
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	5	1	20	0	0	4	80	0	0
Auðgunarbrot	58	43	74	3	5	7	12	5	9
Ýmis brot er varða fjárréttindi	20	9	45	0	0	9	45	2	10
SÉRREFSILÖG									
Tollalög	1	1	100	0	0	0	0	0	0
Lög um ávana- og fíkniefni	61	58	95	0	0	3	5	0	0
Vopnalög	3	3	100	0	0	0	0	0	0
Lög um fiskveiðar	7	7	100	0	0	0	0	0	0
Lög um siglingar og útgerð	1	1	100	0	0	0	0	0	0
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	154	154	100	0	0	0	0	0	0
Ölvunarakstur	18	15	83	0	0	3	17	0	0
Fíkniefnaakstur	46	40	87	0	0	6	13	0	0
Lyfjaakstur	1	1	100	0	0	0	0	0	0
Önnur sérrefsilög	12	7	58	0	0	5	42	0	0
ALLS	423	358	84,6	4	0,9	52	12,3	9	2,1

Lögglustjórinn á Húsavík

	Alls fjöldi	Ákærur fjöldi	%	Fallið frá saksókn fjöldi	%	Niðurfelld mál fjöldi	%	Ákærufræstun fjöldi	%
ALMENN HEGNINGARLÖG									
Manndráp og líkamsmeiðingar	3	2	67	0	0	1	33	0	0
Auðgunarbrot	6	5	83	1	17	0	0	0	0
Ýmis brot er varða fjárréttindi	2	2	100	0	0	0	0	0	0
SÉRREFSILÖG									
Lög um ávana- og fíkniefni	2	2	100	0	0	0	0	0	0
Vopnalög	1	1	100	0	0	0	0	0	0
Lög um fiskveiðar	4	4	100	0	0	0	0	0	0
Áfengislög	1	1	100	0	0	0	0	0	0
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	2	2	100	0	0	0	0	0	0
Ölvunarakstur	3	3	100	0	0	0	0	0	0
ALLS	24	22	91,7	1	4,2	1	4,2	0	0,0

Lögrelustjórinn á Seyðisfirði

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur		Fallið frá saksókn		Niðurfelld mál		Ákærufrestun	
	fjöldi	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	2	1	50	1	50	0	0	0	0
Manndráp og líkamsmeiðingar	3	1	33	0	0	2	67	0	0
Auðgunarbrot	2	1	50	1	50	0	0	0	0
Ýmis brot er varða fjárréttindi	1	1	100	0	0	0	0	0	0
SÉRREFSILÖG									
Lög um ávana- og fíkniefni	1	1	100	0	0	0	0	0	0
Veiðilög	2	0	0	0	0	2	100	0	0
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	6	6	100	0	0	0	0	0	0
Ölvunarakstur	2	2	100	0	0	0	0	0	0
Fíkniefnaakstur	4	4	100	0	0	0	0	0	0
Önnur sérrefsilög	3	1	33	0	0	2	67	0	0
ALLS	26	18	69,2	2	7,7	6	23,1	0	0,0

Lögrelustjórinn á Eskifirði

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur		Fallið frá saksókn		Niðurfelld mál		Ákærufrestun	
	fjöldi	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	3	0	0	0	0	0	0	3	100
Manndráp og líkamsmeiðingar	17	12	71	2	12	3	18	0	0
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	3	0	0	2	67	1	33	0	0
Auðgunarbrot	8	5	63	1	13	2	25	0	0
Ýmis brot er varða fjárréttindi	1	0	0	1	100	0	0	0	0
SÉRREFSILÖG									
Lög um ávana- og fíkniefni	5	5	100	0	0	0	0	0	0
Lög um fiskveiðar	2	2	100	0	0	0	0	0	0
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	6	6	100	0	0	0	0	0	0
Ölvunarakstur	4	4	100	0	0	0	0	0	0
Fíkniefnaakstur	6	5	83	0	0	1	17	0	0
Önnur sérrefsilög	2	0	0	0	0	2	100	0	0
ALLS	57	39	68,4	6	10,5	9	15,8	3	5,3

Lögrelustjórinn á Hvolsvelli

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur		Fallið frá saksókn		Niðurfelld mál		Ákærufrestun	
	fjöldi	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	3	3	100	0	0	0	0	0	0
Auðgunarbrot	12	8	67	4	33	0	0	0	0
Ýmis brot er varða fjárréttindi	8	6	75	2	25	0	0	0	0
SÉRREFSILÖG									
Lög um ávana- og fíkniefni	14	14	100	0	0	0	0	0	0
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	55	44	80	0	0	11	20	0	0
Ölvunarakstur	6	4	67	0	0	2	33	0	0
Fíkniefnaakstur	1	1	100	0	0	0	0	0	0
ALLS	99	80	80,8	6	6,1	13	13,1	0	0,0

Lögrelustjórinn í Vestmannaeyjum

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur		Fallið frá saksókn		Niðurfelld mál		Ákærufrestun	
	fjöldi	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%
Brot gegn valdstjórninni	1	0	0	0	0	1	100	0	0
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	2	2	100	0	0	0	0	0	0
Manndráp og líkamsmeiðingar	17	11	65	0	0	6	35	0	0
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	1	0	0	0	0	1	100	0	0
Auðgunarbrot	3	2	67	0	0	1	33	0	0
Ýmis brot er varða fjárréttindi	2	2	100	0	0	0	0	0	0

SÉRREFSILÖG

Lög um ávana- og fíkniefni	34	34	100	0	0	0	0	0	0
Vopnalög	2	2	100	0	0	0	0	0	0
Lög um fiskveiðar	1	0	0	0	0	1	100	0	0
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	18	18	100	0	0	0	0	0	0
Ölvunarakstur	8	7	88	0	0	1	13	0	0
Fíkniefnaakstur	12	12	100	0	0	0	0	0	0
ALLS	101	90	89,1	0	0,0	11	10,9	0	0,0

Lögrelustjórinn á Selfossi

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls	Ákærur		Fallið frá saksókn		Niðurfelld mál		Ákærufrestun	
	fjöldi	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	5	4	80	0	0	1	20	0	0
Brot, sem hafa í för með sér almannahættu	1	0	0	1	100	0	0	0	0
Manndráp og líkamsmeiðingar	18	13	72	1	6	4	22	0	0
Brot gegn frjálrsæði manna	4	0	0	0	0	4	100	0	0
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	5	4	80	0	0	1	20	0	0
Auðgunarbrot	58	54	93	0	0	4	7	0	0
Ýmis brot er varða fjárréttindi	17	17	100	0	0	0	0	0	0

SÉRREFSILÖG

Lög um ávana- og fíkniefni	66	59	89	0	0	7	11	0	0
Vopnalög	3	3	100	0	0	0	0	0	0
Veiðilög	2	2	100	0	0	0	0	0	0
Lög um siglingar og útgerð	11	8	73	0	0	3	27	0	0
Áfengislög	15	14	93	1	7	0	0	0	0
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	162	143	88	0	0	19	12	0	0
Ölvunarakstur	32	31	97	0	0	1	3	0	0
Fíkniefnaakstur	57	57	100	0	0	0	0	0	0
Önnur sérrefsilög	9	6	67	2	22	1	11	0	0
ALLS	465	415	89,2	5	1,1	45	9,7	0	0,0

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls fjöldi	Ákærur fjöldi	Ákærur %	Fallið frá saksókn fjöldi	Saksókn %	Niðurfelld mál fjöldi	Niðurfelld mál %	Ákærufrestun fjöldi	Ákærufrestun %
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	18	15	83	2	11	1	6	0	0
Manndráp og líkamsmeiðingar	41	12	29	1	2	28	68	0	0
Brot gegn frjálsræði manna	1	0	0	0	0	1	100	0	0
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	25	15	60	1	4	9	36	0	0
Auðgunarbrot	66	49	74	11	17	6	9	0	0
Ýmis brot er varða fjárréttindi	5	2	40	0	0	3	60	0	0
SÉRREFSILÖG									
Lög um ávana- og fíkniefni	75	57	76	2	3	16	21	0	0
Vopnalög	11	3	27	0	0	8	73	0	0
Áfengislög	5	0	0	1	20	4	80	0	0
Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur	105	104	99	1	1	0	0	0	0
Ölvunarakstur	12	11	92	0	0	1	8	0	0
Fíkniefnaakstur	84	82	98	1	1	1	1	0	0
Önnur sérrefsilög	10	7	70	0	0	3	30	0	0
ALLS	458	357	77,9	20	4,4	81	17,7	0	0,0

Sérstakur saksóknari

ALMENN HEGNINGARLÖG	Alls fjöldi	Ákærur fjöldi	Ákærur %	Fallið frá saksókn fjöldi	Saksókn %	Niðurfelld mál fjöldi	Niðurfelld mál %	Ákærufrestun fjöldi	Ákærufrestun %
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	2	0	0	0	0	2	100	0	0
Auðgunarbrot	23	2	9	0	0	21	91	0	0
Ýmis brot er varða fjárréttindi	47	41	87	0	0	6	13	0	0
SÉRREFSILÖG									
Skattalög	52	50	96	0	0	2	4	0	0
Önnur sérrefsilög	39	26	67	0	0	13	33	0	0
ALLS	163	119	73,0	0	0,0	44	27,0	0	0,0

Öll mál

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	7920	6298	80	267	3	1301	16	54	1
2010	5920	4188	71	364	6	1289	22	79	1
2011	6212	4694	76	394	6	1045	17	79	1
2012	5711	4515	79	377	7	770	13	49	1
2013	5968	4547	76	389	7	960	16	72	1

Ríkissaksóknari

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	1173	833	71	20	2	312	27	8	1
2010	885	575	65	20	2	283	32	7	1
2011	870	638	73	20	2	202	23	10	1
2012	868	684	79	5	1	165	19	14	2
2013	1068	716	67	11	1	337	32	4	0

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	3784	2923	77	216	6	624	16	21	1
2010	2205	1254	57	271	12	631	29	49	2
2011	2874	1966	68	303	11	569	20	36	1
2012	2698	2053	76	313	12	306	11	26	1
2013	2690	1994	74	329	12	319	12	48	2

Lögreglustjórinn á Akranesi

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	84	73	87	0	0	7	8	4	5
2010	67	58	87	6	9	3	4	0	0
2011	206	197	96	2	1	7	3	0	0
2012	83	72	87	3	4	8	10	0	0
2013	91	86	95	0	0	3	3	2	2

Lögreglustjórinn í Borgarnesi

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	74	73	99	1	1	0	0	0	0
2010	187	185	99	1	1	1	1	0	0
2011	201	195	97	2	1	3	1	1	0
2012	94	94	100	0	0	0	0	0	0
2013	118	113	96	0	0	1	1	4	3

Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	185	163	88	0	0	20	11	2	1
2010	17	15	88	0	0	2	12	0	0
2011	34	19	56	1	3	11	32	3	9
2012	46	40	87	1	2	4	9	1	2
2013	37	32	86	0	0	4	11	1	3

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	41	36	88	0	0	5	12	0	0
2010	38	30	79	8	21	0	0	0	0
2011	56	46	82	2	4	7	13	1	2
2012	156	120	77	8	5	28	18	0	0
2013	104	74	71	4	4	25	24	1	1

Lögreglustjórinn á Blönduósi

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	106	91	86	0	0	15	14	0	0
2010	123	111	90	1	1	11	9	0	0
2011	66	60	91	0	0	4	6	2	3
2012	13	12	92	1	8	0	0	0	0
2013	27	19	70	1	4	7	26	0	0

Lögreglustjórinn á Sauðárkróki

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	36	35	97	1	28	0	0	0	0
2010	21	12	57	1	48	8	38	0	0
2011	35	32	91	0	0	3	9	0	0
2012	30	27	90	2	67	1	3	0	0
2013	17	15	88	0	0	2	12	2	12

Lögreglustjórinn á Akureyri

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	482	420	87	1	0	48	10	13	3
2010	506	442	87	12	2	47	9	5	1
2011	384	353	92	2	1	22	6	7	2
2012	361	319	88	0	0	38	11	4	1
2013	423	358	85	4	1	52	12	9	2

Lögreglustjórinn á Húsavík

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	53	39	74	0	0	14	26	0	0
2010	31	19	61	1	3	10	32	1	3
2011	24	19	79	0	0	2	8	3	13
2012	72	37	51	2	3	3	4	0	0
2013	24	22	92	1	4	1	4	0	0

Lögrelustjórinn á Seyðisfirði

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	35	25	71	9	26	0	0	1	3
2010	30	9	30	4	13	15	50	2	7
2011	19	11	58	4	21	3	16	1	5
2012	12	5	42	2	17	5	42	0	0
2013	26	18	69	2	8	6	23	0	0

Lögrelustjórinn á Eskifirði

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	98	90	92	2	2	2	2	4	4
2010	82	44	54	3	4	33	40	2	2
2011	88	63	72	6	7	19	22	0	0
2012	54	35	65	0	0	19	35	0	0
2013	57	39	68	6	11	9	16	3	5

Lögrelustjórinn á Hvolsvelli

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	163	135	83	5	3	23	14	0	0
2010	49	38	78	3	6	2	4	6	12
2011	80	63	79	1	1	14	18	2	3
2012	39	30	77	0	0	9	23	0	0
2013	99	80	81	6	6	13	13	0	0

Lögrelustjórinn í Vestmannaeyjum

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	82	70	85	3	4	9	11	0	0
2010	38	36	95	0	0	2	5	0	0
2011	117	109	93	2	2	4	3	2	2
2012	63	61	97	0	0	1	2	1	2
2013	101	90	89	0	0	11	11	0	0

Lögrelustjórinn á Selfossi

Ár	Fjöldi alls	Ákærur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	806	700	87	0	0	105	13	1	0
2010	509	465	91	0	0	125	25	0	0
2011	513	400	78	0	0	104	20	9	2
2012	543	468	86	8	1	67	12	0	0
2013	465	415	89	5	1	45	10	0	0

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum									
Ár	Fjöldi alls	Ákætur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2009	495	381	77	9	2	105	21	0	0
2010	752	642	85	33	4	70	9	7	1
2011	622	508	82	49	8	63	10	2	0
2012	430	326	76	32	7	69	16	3	1
2013	458	357	78	20	4	81	18	0	0
Sérstakur saksóknari									
Ár	Fjöldi alls	Ákætur	%	Fallið frá saksókn	%	Niðurfelld mál	%	Ákæru-frestun	%
2010	11	3	27	0	0	8	73	0	0
2011	24	18	75	0	0	6	25	0	0
2012	179	132	74	0	0	47	26	0	0
2013	163	119	73	0	0	44	27	0	0

2.2. Ákærðir

Alls sættu 2837 einstaklingar og 22 fyrirtæki ákæru á árinu. Eftirfarandi er skipting ákærðra eftir kyni, aldri og ríkisfangi.

Ríkisfang							
Afganistan	4	Hondúras	1	Mexíkó	1	Svíþjóð	3
Albanía	2	Hvíta-Rússland	1	Nígería	2	Sýrland	3
Angóla	1	Íran	3	Noregur	4	Tailand	2
Ástralía	2	Írland	1	Palestína	2	Túnis	1
Bandaríkin	4	Ísland	2511	Portúgal	7	Úkraína	3
Bretland	4	Ítalía	2	Pólland	137	Víetnam	13
Danmörk	9	Júgóslavía	1	Ríkisfangslaus	1	Þýskaland	6
Egyptaland	1	Kólumbía	4	Rúmenía	3	Víetnam	19
Filippseyjar	1	Lettland	20	Rússland	4	Þýskaland	4
Frakkland	4	Litháen	53	Senegal	1		13
Georgía	3	Makedónía	1	Serbía og Svartfjallaland	2	Samtals	2837
Gínea	1	Marokkó	3	Slóvenía	1		
Haítí	1	Máritíus	1	Spánn	2		

Hér að ofan er að finna yfirlit yfir ríkisfang þeirra sem sættu ákæru á árinu. Einstaklingar eru ekki tvítaldir þótt þeir komi við sögu í fleiri en einu málsnúmeri.

Aldur						
Ár	Fjöldi	Hlutfall	Karlar	Hlutfall	Konur	Hlutfall
13-14	5	0.2	4	0.2	1	0.04
15-19 ára	384	13.5	282	11.9	102	4.3
20-24 ára	574	20.2	496	21.0	78	16.4
25-29 ára	471	16.6	405	17.2	66	13.8
30-34 ára	374	13.2	322	13.6	52	10.9
35-39 ára	281	9.9	238	10.1	43	9.0
40-44 ára	202	7.1	170	7.2	32	6.7
45-49 ára	170	6.0	144	6.1	26	5.5
50-54 ára	147	5.2	117	5.0	30	6.3
55-59 ára	95	3.3	82	3.5	13	2.7
60-69 ára	104	3.7	79	3.3	25	5.2
70 ára og eldri	30	1.1	21	0.9	9	1.9
Alls	2837	100.0	2360	100.0	477	82.7

Kyn		
	Fjöldi	Hlutfall
Karl	2360	8.5
Kona	477	16.7
Fyrirtæki	22	0.8
Alls	2859	100.0

2.3. Einstakir brotaflokkar

Hér að neðan er að finna yfirlit yfir afdrif mála er varða manndráp, stórfelldar líkamsmeiðingar, stórfelld fíkniefnabrot og kynferðisbrot, sem bárust ríkissaksóknara árið 2013 og er miðað við stöðu málanna um áramótin 2013-2014. Til samanburðar eru einnig tölur vegna árána 2009 til 2012. Það athugist að eitt mál kann að varða fleiri en eitt brot. Sömuleiðis kann ákæra að varða fleiri en eitt brot. Þess er sérstaklega getið ef fleiri en eitt mál eru sett saman í ákæru. Á árinu 2008 bárust ríkissaksóknara tvö mál sem heimfærð voru undir ákvæði 211. gr. en í öðru þeirra var talið að um tilraunaverknað væri að ræða.

Manndráp (211. gr. hgl.)																		
Ár	Gr.	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti		Óafgr. Fjöldi
		Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi		Fjöldi	Fjöldi			
2009	211.	1	0	0	1	100	0	0	2	100	2	0	2	0	0	0		
2009	sbr. 20.	4	0	0	4	100	0	0	1	100	0	0	0	0	0	0		
2010	211.	2	0	0	2	100	0	0	2	100	2	0	2	0	0	0		
2010	sbr. 20.	1	0	0	1	100	1	100	0	0	0	0	0	0	0	0		
2011	211.	3	0	0	3	100	1	33	1	33	2	0	2	0	0	0		
2011	sbr. 20.	2	0	0	2	100	1	50	1	50	1	0	1	0	0	0		
2012	211	1	0	0	1	100	0	0	1	100	1	0	1	1	0	0		
2012	sbr. 20.	5	0	0	5	100	0	0	5	100	4	0	3	0	0	0		
2013	211	2	0	0	2	100	0	0	1	50	1	0	1	0	0	0		
2013	sbr. 20.	4	0	0	3	75	0	0	1	25	4	0	3	0	1	1		

Á árinu 2009 bárust ríkissaksóknara sjö mál sem talin voru varða við 211. gr. alm. hgl. en í sex málum var um að ræða tilraunabrot, 211. gr. alm. hgl. sbr. 20. gr. Í einu máli er varðaði tilraunabrot var viðkomandi sýknaður, en dæmdur til að sæta öryggisgæslu. Tvö mál voru heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. og í öðru tilfellinu var viðkomandi sýknaður af refsikröfu, en dæmdur til að sæta öryggisgæslu. Í einu máli var bæði ákært og einnig fellt niður. Eitt mál er enn ódæmt þar sem ákærði fór úr landi.

Á árinu 2010 bárust þrjú mál sem talin voru varða við 211. gr. en eitt þeirra var tilraunabrot. Í öðru málinu þar sem brot var talið fullframið, var ákærði sýknaður af refsikröfu í héraðsdómi og dæmdur til að sæta öryggisgæslu. Var því máli áfrýjað af ríkissaksóknara og var ákærði sakfelldur í Hæstarétti. Í tilraunabrotinu var sýknað af refsikröfu, en ákærði var dæmdur til að sæta öryggisgæslu.

Árið 2011 bárust fimm mál sem talin voru varða við 211. gr. alm. hgl. Þrjú brotanna voru fullframin og tvö tilraun. Í einu máli, þar sem brot var fullframið, var viðkomandi sýknaður af refsikröfu en dæmdur til að sæta öryggisgæslu. Í einu máli var ákært fyrir 211. gr. en í héraði var málið heimfært undir 1. mgr. 212 gr. alm. hgl.

Á árinu 2012 bárust sex mál sem talin voru varða við 211. gr. Eitt brot var fullframið og var ákærði dæmdur í 16 ára fangelsi í héraðsdómi. Málinu var áfrýjað og var héraðsdómur staðfestur í Hæstarétti. Fimm málanna voru tilraunabrot. Ákært var í öllum þeirra og sakfelld í fjórum, en eitt málið var heimfært undir 2. mgr. 218. gr. í héraði og var því áfrýjað til Hæstaréttar og heimvísað og lokið í héraði sem broti gegn 2. mgr. 218. gr. Á árinu 2013 bárust fimm mál sem talin voru varða við 211. gr. Eitt brot var fullframið og var ákærði dæmdur í 16 ára fangelsi í héraði og var dómnum áfrýjað og er það ódæmt í Hæstarétti. Ákært var fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., í einu máli sem lögreglan hafði heimfært undi 211. gr. alm. hgl. Er það mál ódæmt. Fjögur mál vörðuðu tilraunabrot og var ákært í þeim öllum og var sami aðili ákærður í tveimur þeirra. Voru öll málin dæmd í héraði fyrir áramót en þeim var öllum áfrýjað.

Líkamsárás (2. mgr. 218 gr. hgl.)																
Ár	Alls Fjöldi	Niðurfellt			Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti		Óafgr. Fjöldi
		Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	
2009	84	15	18	66	79	2	2	51	61	13	2	11	0	0	0	
2010	69	10	14	56	81	8	12	46	67	9	3	6	0	0	0	
2011	50	7	14	39	78	3	6	36	72	6	0	6	0	0	0	
2012	58	7	12	43	74	6	10	30	52	8	0	0	1	1	1	
2013	68	2	3	27	40	2	3	11	16	0	0	0	0	0	37	

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. og bárust ríkissaksóknara undanfarin fimm ár. Hér er um að ræða líkamsárásir sem af hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón eða líkamsárásir sem taldar eru sérstaklega hættulegar vegna þeirrar aðferðar sem notuð er.

Á árinu 2009 bárust 84 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Gefnar voru út ákærur í 66 málum og 15 mál felld niður. Tveimur málum var lokið með niðurfellingu saksóknar og einu lokið með ákærufrestun. Í sex málum var brot talið varða við 217. gr. og í þremur málum var brot talið varða við 1. mgr. 218. gr. alm. hgl.

Árið 2010 bárust 69 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Gefnar voru út ákærur í 55 málum, 10 mál voru felld niður. Þremur málum var lokið með niðurfellingu saksóknar og ein ákæra var afturkölluð. Í einu máli var sýknað af refsikröfu en viðkomandi látinn sæta öryggisgæslu.

Árið 2011 bárust 50 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Gefnar voru út ákærur í 40 málum, þar af var ákært í einu máli fyrir 1. mgr. 218. gr. alm. hgl., og sjö mál voru felld niður. Tveimur málum var lokið með ákærufrestun. Eitt mál varðaði 217. gr. alm. hgl., og var endursent viðkomandi embætti til afgreiðslu. Einu máli er enn ólokið í héraði.

Árið 2012 bárust 58 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Gefnar voru út ákærur í 43 málum og sjö mál felld niður. Sjö málanna er bárust reyndust varða við 217. gr. alm. hgl., og voru þau öll endursend viðkomandi embættum og eitt mál var heimfært undir 1. mgr. 218. gr. alm. hgl. Sex mál eru ódæmd í héraði og eitt mál er enn óafgreitt um áramót 2013-2014.

Árið 2013 bárust 68 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Ákærur hafa verið gefnar út í 27 málum og tvö mál felld niður. Þrjú mál bárust sem lögreglustjórar töldu varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., en reyndust varða við 217. gr. alm. hgl. Tvö þeirra voru endursend viðkomandi embætti til meðferðar, en ákært var í einu hjá ríkissaksóknara.

Fíkniefnabrot (173 gr. a.hgl.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti	Óafgr.
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi			
2009	11	1	9	10	91	0	0	9	82	5	0	4	1	0				
2010	12	0	0	12	100	1	8	11	92	4	0	4	0	0				
2011	14	0	0	14	100	1	7	13	93	4	1	3	0	0				
2012	12	0	0	11	92	0	0	10	83	1	0	0	1	1				
2013	13	0	0	10	77	0	0	8	62	2	0	1	1	1				

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 173. gr. a. alm. hgl., þ.e. stórfellt fíkniefnabrot og bárust ríkissaksóknara undanfarin fimm ár.

Á árinu 2009 bárust 11 mál. Ákært var í 10 málum og eitt mál felld niður. Sakfelld var í þeim öllum. Fimm málum var áfrýjað til Hæstaréttar, var sakfelld í fjórum en einu máli er enn ólokið í Hæstarétti. Í fjórum málum þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli.

Árið 2010 bárust 12 mál. Ákært var í þeim öllum. Sakfelld var í 11 málum en sýknað í einu máli. Fjórum málum var áfrýjað og var sakfelld í þeim öllum. Í fimm málum þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli. Í einu máli voru tveir aðilar sýknaðir í héraði, áfrýjaði ákæruvaldið á annan aðilann. Í einu máli voru þrjú ákærðir, þar var einn sýknaður og tveir sakfelldir í héraði. Í einu máli voru tveir ákærðir, annar var sýknaður og hinn sakfelldur.

Árið 2011 bárust 14 mál. Gefnar hafa verið út ákærur í þeim öllum. Sakfelld var í 13 málum en sýknað í einu máli. Fjórum af þeim málum var áfrýjað til Hæstaréttar. Hæstiréttur sýknaði í einu málinu en sakfelldi í þremur. Í sex málum þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli.

Árið 2012 bárust 12 mál. Gefnar voru út ákærur í 10 málum. Sakfelld var í þeim öllum. Tvö mál eru óafgreidd um áramót. Í einu máli þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli.

Árið 2013 bárust 13 mál sem talin voru varða við 173. gr. a. alm. hgl. Gefnar voru út ákærur í 10 málum. Tvö málanna voru endursend viðkomandi embætti þar sem málin vörðuð brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Í tveimur málum, þar sem sakborningar voru fleiri en einn, voru málin felld niður á hendur nokkrum en aðrir ákærðir í sama máli. Eitt mál var óafgreitt um áramót.

Kynferðisbrot (194.-199. gr. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti		Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	
2008	46	32	69.6	14	30	6	43	7	50	7	3	4	0	0					
2009	42	28	66.7	14	33	6	43	7	50	6	1	5	0	1					
2010	51	24	47.1	25	49	6	36	16	64	13	3	9	0	0					

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 194.-198. gr. alm. hgl. og bærust ríkissaksóknara undanfarin fimm ár.

Á árinu 2009 bærust 42 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þeim voru 28 felld niður og ákæra gefin út í 14 málum. Einu máli er enn ólokið þar sem ákærði er farinn úr landi.

Á árinu 2010 bærust 49 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þeim voru 24 felld niður og ákært í 23 málum. Rannsókn var hætt í tveimur málum.

Á árinu 2011 bærust 62 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þeim voru 32 mál felld niður og gefin var út ákæra í 25 málum. Rannsókn var hætt í fjórum málum. Eitt mál var sent erlendis til afgreiðslu.

Kynferðisbrot (194. gr. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti		Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	
2011	48	29	60.4	15	31	8	53.3	7	47	5	2	4	0	0					
2012	53	33	62.3	19	36	7	36.8	12	63	7	1	5	0	0					
2013	68	8	11.8	13	19	0	0	9	69	5	0	4	1	44					

Árið 2012 var tekin sú ákvörðun að flokka kynferðisbrotin frekar niður og eru því brot gegn 194. gr. talin sér. eru því kynferðisbrot sem varða við 198. – 199. gr. alm. hgl. talin í töflu hér fyrir neðan.

Á árinu 2012 bærust 53 mál sem heimfærð voru undir 194. gr. alm. hgl. Af þeim voru 33 mál felld niður. Gefnar voru út ákæru í 19 málum. Eitt mál var sent erlendis til afgreiðslu.

Á árinu 2013 bærust 68 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Af þessum 68 málum hafa átta verið felld niður og búið er að gefa út ákæru í 13 málum. Rannsókn var hætt í tveimur málum og eitt mál var sent erlendis. Um áramót voru 44 mál óafgreidd.

Kynferðisbrot (197.-199. gr. alm. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti		Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	
2011	9	3	33	5	56	2	40	3	60	3	1	1	1	0					
2012	15	3	20	11	73	1	9.09	10	91	3	0	3	0	0					
2013	16	2	12.5	3	19	0	0	1	33	0	0	0	0	9					

Á árinu 2012 bærust 15 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Gefnar voru út ákæru í 11 málum. Þrjú mál voru felld niður. Einu máli var lokið með skilorðsbundinni ákærufræstun.

Á árinu 2013 bærust 16 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Tvö mál hafa verið felld niður. Fallið var frá saksókn í einu máli og rannsókn var hætt í einu máli. Óafgreidd mál um áramót voru níu.

Kynferðisbrot (200.-202. gr. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti		Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	
2009	80	39	48.75	37	46	10	27	27	73	10	1	9	0	0					
2010	53	23	43.4	23	43	5	22	18	78	5	3	2	0	0					
2011	57	23	40.4	29	51	4	14	25	86	12	2	6	4	0					
2012	72	28	38.9	39	54	7	18	32	82	20	2	17	1	0					
2013	67	6	8.96	16	23.9	2	12.5	8	50	1	0	0	1	42					

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 200.-202. gr. alm. hgl. og bárust ríkissaksóknara undanfarin fimm ár.

Á árinu 2009 bárust 80 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Niðurfelld voru 39 mál og ákært í 37 málum. Tveimur málum var lokið með ákærufrestun og í einu máli var fallið frá saksókn og rannsókn var hætt í einu máli.

Á árinu 2010 bárust 53 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Af þessum 53 málum, voru 23 mál felld niður og ákært í 23 málum. Tveimur málum var lokið með ákærufrestun. Í fimm málum var rannsókn hætt.

Á árinu 2011 bárust 57 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Af þessum 57 málum voru 23 mál felld niður og gefnar út ákæru í 29 málum. Einu máli var lokið með ákærufrestun. Tveimur málum var lokið með því að hætta rannsókn, og tveimur var lokið með að falla frá saksókn.

Á árinu 2012 bárust 72 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Af þessum 72 málum voru 28 mál felld niður og gefnar voru út ákæru í 39 málum. Þremur málum var lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun. Einnig var fallið frá saksókn í tveimur málum. Eitt mál er ódæmt í Hæstarétti.

Á árinu 2013 bárust 67 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Búið er að fella niður sex af þessum málum og gefa út ákæru í 16 málum. Í einu máli var fallið frá saksókn og rannsókn var hætt í tveimur málum. Um áramót voru 42 mál óafgreidd.

Kynferðisbrot (204. gr. gáleysi sbr. 201. gr. og 202. gr. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfelld		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti	Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	
2010	2	0	0	2	100	1	50	1	50	1	0	1	0	1	0	0	
2011	1	0	0	1	100	0	0	1	100	1	0	0	0	1	0	0	
2012	1	1	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
2013	0	0		0		0		0		0	0	0	0	0	0	0	

Á árinu 2010 voru tvö mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Var ákært í þeim báðum.

Á árinu 2011 var eitt mál heimfært undir ofangreint ákvæði. Ákært var í málinu og var sakfelld í héraði. Málinu var síðan áfrýjað og því vísað heim í hérað. Var það ódæmt um áramót.

Á árinu 2012 var eitt mál heimfært undir ofangreint ákvæði. Málið var felld niður.

Á árinu 2013 barst ekkert mál sem heimfært var undir þetta ákvæði.

Kynferðisbrot (206.gr.)

Ár	Alls			Niðurfelld		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti	Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	
2009	2	1	50	1	50	0	0	1	100	1	0	1	0	1	0	0	
2010	20	6	30	14	70	2	14	12	86	1	0	1	0	1	0	0	
2011	5	1	20	4	80	1	25	3	75	3	0	1	0	1	2	0	
2012	1	0	0	1	100	0	0	1	100	1	0	1	0	1	0	0	
2013	68	35	51	33	49	0	0	33	100	0	0	0	0	0	0	0	

Árið 2009 voru tvö mál er heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Annað málið var felld niður og ákært var í hinu.

Á árinu 2010 voru 20 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Gefin var út ákæra í 14 málum en sex mál voru felld niður.

Á árinu 2011 voru fimm mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Eitt málið var felld niður og gefnar út ákæru í fjórum málum.

Á árinu 2012 var eitt mál heimfært undir ofangreint ákvæði. Var ákært í því máli.

Á árinu 2013 voru 68 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Vörðuðu þau öll við 1. mgr. 206. gr. alm. hgl. Af þessum 68 málum voru 35 felld niður. Gefnar voru út ákæru í 33 málum.

Kynferðisbrot (209. gr. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti	Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi			
2009	17	7	41.2	10	59	3	30	6	60	2	0	2	0	0				
2010	16	1	6	13	81	4	31	9	69	3	1	1	0	0				
2011	15	2	13.3	9	60	0	0	9	100	3	0	3	0	0				
2012	13	4	30.8	9	69	0	0	9	100	1	1	0	0	0				
2013	19	1	5.26	8	42	1	12.5	6	75	4	0	4	0	10				

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 209. gr. alm. hgl., og bárust ríkissaksóknara undanfarin fimm ár.

Á árinu 2009 voru 17 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Sjö mál voru felld niður og gefin út ákæra í 10 málum. Í einu máli var ákæran afturkölluð.

Á árinu 2010 voru 16 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Eitt mál var felld niður og ákært í 13. Einu máli var lokið með ákærufrestun og rannsókn var hætt í einu máli.

Á árinu 2011 voru 24 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Af þeim 24 málum sem komu voru fjögur mál felld niður og gefin út ákæra í 16 málum, en fjórum málum var lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun.

Á árinu 2011 voru 15 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Tvö mál voru felld niður. Fjórum málum var lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun og gefnar voru út ákæru í níu málum.

Á árinu 2012 bárust 13 mál sem voru heimfærð undir ofangreint ákvæði. Voru fjögur mál felld niður og gefin út ákæra í níu málum.

Á árinu 2013 bárust 19 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Eitt af þeim málum sem bárust var felld niður. Gefnar hafa verið út ákæru í átta málum. Tíu mál eru óafgreidd.

Kynferðisbrot (210. gr. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti	Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi				
2009	9	3	33	6	67	0	0	6	100	1	0	1	0	0				
2010	7	0	0	5	71	0	0	5	100	0	0	0	0	0				
2011	8	0	0	8	100	0	0	7	88	1	0	1	0	0				
2012	4	1	25	3	75	0	0	3	100	0	0	0	0	0				
2013	3	0	0	2	67	0	0	0	0	0	0	0	0	1				

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 210. gr. alm. hgl. og bárust ríkissaksóknara undanfarin fimm ár. Algengast er að um sé að ræða brot gegn 4. mgr. ákvæðisins vegna vörslu á barnaklámi.

Á árinu 2009 bárust níu mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Þrjú málanna voru felld niður og gefin út ákæra í sex málum. Af þeim níu málum sem bárust vörðuðu sjö þeirra við 4. mgr., eitt mál varðaði 2. mgr. og eitt mál varðaði 2. og 4. mgr. 210. gr. alm. hgl.

Á árinu 2010 bárust sjö mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Rannsókn var hætt í einu máli, einu var lokið með ákærufrestun og ákæra var gefin út í fimm málum.

Á árinu 2011 bárust 15 mál. Vörðuðu þau öll 4. mgr. Af þessum 15 málum var eitt mál felld niður og gefin út ákæra í 14 málum.

Á árinu 2012 bárust fjögur mál. Eitt mál varðaði 4. mgr. og þrjú mál vörðuðu 1. mgr. 210. gr. a. alm. hgl. Ákært var í þremur málum en eitt felld niður.

Á árinu 2013 bárust þrjú mál, vörðuðu þau öll 1. mgr. 210. gr. a. alm. hgl. Ákært var í tveimur málum. Einu máli er ólokið um áramót.

2.4. Fallið frá saksókn

Árið 2013 féll ríkissaksóknari frá saksókn í sjö málum samkvæmt heimild í 3. mgr. og 4. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Um var að ræða brot sem ríkissaksóknari taldi varða við 132. gr. og 134. gr. (í sama máli), 136. gr. og 230. gr. (í sama máli), 204. gr., sbr. 201. gr., 201. gr., 209. gr. og 199. gr. almennra hegningarlaga auk ákvæða laga um ávana- og fíkniefni.

Forsenda þess að niðurfellingu saksóknar sé beitt er að rannsókn máls sé lokið, mál teljist upplýst og að ákærvaldið telji að sakborningur hafi framið refsivert brot. Niðurfellingu saksóknar er að jafnaði ekki beitt nema játning sakbornings liggi fyrir. Í fyrrnefndri lagagrein er heimild til að falla frá saksókn eins og nánar er greint í stafliðum málsgreinarinnar.

Samkvæmt **a- lið** má falla frá saksókn ef brot er smávægilegt eða fyrirsjáanlegt er að umfang málsins verði í verulegu ósamræmi við þá refsingu sem vænta má.

Samkvæmt **b- lið** má falla frá saksókn ef sakborningur og brotápoli hafa komist að samkomulagi og sakborningur hefur efnt það fyrir sitt leyti.

Samkvæmt **c- lið** má falla frá saksókn ef sakborningur virðist vera ósakhæfur og ekki er nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum.

Samkvæmt **d- lið** má falla frá saksókn ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulega miklum þjáningum eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því að fallið sé frá saksókn, enda verði að telja að almannahagsmunir krefjist ekki málhöfðunar.

Málsatvik voru í meginatriðum eins og hér greinir:

1. Lögreglumaður við skyldustörf tók greiðslukort úr veski manns og greiddi fargjald leigubifreiðar fyrir hans hönd en gegn vilja mannsins. Var þetta talið varða við 132. gr. og 134. gr. almennra hegningarlaga þar sem lögreglumaðurinn gætti ekki lögmætra aðferða við störf sín. Þar sem brotið varðaði óverulega hagsmuni, og ekkert tjón hlaut af brotinu var talið að um smávægilegt brot væri að ræða og hvorki aðstæður né almannahagsmunir krefðust þess að mál yrði höfðað. Var því fallið frá saksókn í málinu með vísan til a. liðar 3. mgr. 146. gr.
2. Læknir var talinn hafa miðlað trúnaðarupplýsingum um sjúkrasögu manns án heimildar og í andstöðu við þagnarskyldu um slíkar upplýsingar. Var þetta talið varða við 136. gr. og 230. gr. almennra hegningarlaga ásamt ákvæðum læknalaga nr. 34/2012. Heildstætt mat á atvikum málsins var með þeim hætti að hvorki aðstæður né almannahagsmunir krefðust þess að mál yrði höfðað. Var fallið frá saksókn í málinu með vísan til d. liðar 3. mgr. 146. gr.
3. 16 ára piltur hafði samræði við 14 ára stúlku með samþykki og vilja beggja. Brotið var framið í gáleysi um aldur stúlkunnar. Var þetta talið varða við 204. gr., sbr. 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Pilturinn var með hreint sakavottorð og atvik með sérstökum hætti og almannahagsmunir kröfðust þess ekki að mál yrði höfðað. Var fallið frá saksókn með vísan til d. liðar 3. mgr. 146. gr.
4. 16 ára piltur hafði samræði við 13 ára stúlku með samþykki og vilja beggja. Báðir aðilar voru að lögum börn og pilturinn taldi aldursmörk kynferðislegs lögaldurs vera önnur en þau voru samkvæmt lögum. Brotið var talið varða við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Pilturinn var með hreint sakavottorð og talið að almannahagsmunir krefðust þess ekki að mál yrði höfðað. Var fallið frá saksókn með vísan til d. liðar 3. mgr. 146. gr.
5. Lítið magn fíkniefna fannst í herbergi stúlku sem var brotápoli í alvarlegu líkamsárásarmáli og höfðu fíkniefnin verið sameiginlega í vörslum árásaðila og brotáþola. Var brotið talið varða við ákvæði laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974. Með hliðsjón af málavöxtum var ekki talið að almannahagsmunir krefðust málhöfðunar gagnvart stúlkunni. Var fallið frá saksókn með vísan til a. liðar 3. mgr. 146. gr.
6. Karlmaður særði blygðunarsemi stúlku með því að viðhafa kynferðislegt tal við hana í síma. Karlmaðurinn játaði sök og var brotið talið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga. Lágu fyrir upplýsingar að málið hefði valdið sakborningi miklum þjáningum auk þess sem hann sýndi iðrun og brotið þótti ekki alvarlegt. Var fallið frá saksókn með vísan til a. og d. liðar 3. mgr. 146. gr.
7. Karlmaður káfaði utanklæða á brjóstum stúlku. Var brotið talið varða við 199. gr. almennra hegningarlaga. Hafði karlmaðurinn skömmu áður hlotið 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi vegna brots sem framið var sama dag og fyrrgreint kynferðisbrot. Með hliðsjón af því var talið að karlmanninum yrði ekki gerð frekari refsing yrði hann sakfelldur fyrir kynferðisbrotið. Var fallið frá saksókn með vísan til 4. mgr. 146. gr.

2.5. Skilorðsbundin frestun ákæru

Í 56. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er heimild fyrir ákæranda að fresta um tiltekinn tíma útgáfu ákæru til refsingar út af brotum þegar sakborningur hefur játað brot sitt og að uppfylltum skilyrðum sem talin eru upp í 1. og 2. tölulið 1. mgr. 56. gr. Skilyrðin eru eftirfarandi:

1. *Að málið varði brot sem unglingar á aldrinum 15 – 21 árs hafa framið.*
2. *Högum sakbornings sé þannig háttað, að umsjón eða aðrar ráðstafanir samkvæmt 3. mgr. 57. gr. má telja vænlegri til árangurs en refsingu, enda sé broti ekki svo varið, að almannahagsmunir krefjist saksóknar.*

Mál þessi má taka upp að nýju ef aðilar gerast sekir um nýtt brot á skilorðstímanum, eða rjúfa í veigamiklum atriðum þau skilyrði sem sett voru fyrir frestun ákærunnar, sbr. 4. mgr. 56. gr. almennra hegningarlaga.

Á árinu 2013 var engin skilorðsbundin frestun ákæru gefin út af hálfu ríkissaksóknara.

2.6. Tímalengd gæsluvarðhalds

Gæsluvarðhaldsúrskurðir uppkveðnir á árinu 2013 og fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar.

Fjöldi úrskurða	136
Fjöldi einstaklinga	130
Dagar í gæslu	6984

Fyrirkomulag, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008:

	Dagur	Meðaldagafjöldi	Lágm.	Hám.
Án skilyrða skv. 1. mgr. 99. gr.	5955	69,24	1	397
b-liðir 1. mgr. 99. gr.	4	2,00	2	2
bcd-liðir 1. mgr. 99. gr.	16	4,00	3	7
bcde-liðir 1. mgr. 99. gr.	924	12,66	2	54
bcdef-liðir 1. mgr. 99. gr.	53	10,60	4	27
bce-liðar 1. mgr. 99. gr.	19	19,00	19	19
c-liðar 1. mgr. 99. gr.	13	13,00	13	13
Samtals	6984			

Án Án takmarkana, *b* Einrúm, *c* Heimsóknarbann, *d* Bréfaskoðun, *e* Fjölmíðlabann, *f* Vinnubann

Um algjöra einangrun er að ræða þegar beitt er b, c, d, og e-liðum saman, en einangrun að vissu marki þegar beitt er þremur eða færri liðum.

2.7. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra

Alls sættu 39 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri hafði ákveðið, að rannsókn lokinni, að höfða ekki mál með vísan til 145. gr. laga um meðferð sakamála, þ.e. það sem fram kom við rannsóknina þótti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

Kæur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml.

Kæurur	Ákvörðun felld úr gildi	Ákvörðun staðfest
39	12	24
	Kæra afturkölluð	Kæru vísað frá
	1	1
Brotaflokkur	Fjöldi	
Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi	11	
Brot gegn friðhelgi einkalífs	1	
Hótanir	1	
Húsbrott	1	
Líkamsrásir	19	
Sérrefsilagabrot	3	
Skjalafals	2	
Samtals	38	

- Einu máli var ólokið um áramótin.
- Í tveimur málum var ákvörðun felld úr gildi, en þess í stað var fallið frá saksókn.
- Í fjórum málum var ákvörðun felld úr gildi, en þess í stað var rannsókn hætt.

Alls sættu 5 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri hafði ákveðið að falla frá saksókn með vísan til 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

Kæur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml.

Kæur	Ákvörðun felld úr gildi	Ákvörðun staðfest
5	1	4
Brotaflokkur	Fjöldi	
Fjárdráttur	1	
Líkamsrásir	1	
Þjófnaður	3	
Samtals	5	

Ríkissaksóknara bærust 123 kærumál vegna ákvarðana lögreglustjóra um að vísa frá kæru án rannsóknar eða hætta rannsókn, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 6. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála.

Kæur á grundvelli 6. mgr. 52. gr. sml.

Kæur	Ákvörðun felld úr gildi	Ákvörðun staðfest
123	37	78
	Kæra afturkölluð	Kæru vísað frá
	2	1
Brotaflokkur	Fjöldi	
Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi	45	
Brot í opinberu starfi	2	
Kynferðisbrot	12	
Líkamsrásir	12	
Rangar sakargiftir og rangur framburður	8	
Sérrefsilagabrot	14	
Skjalafals	15	
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	5	
Annað	5	
Samtals	118	

- Alls voru fimm málum ólokið um áramótin.
- Í einu máli var ákvörðun felld úr gildi að hluta og staðfest að hluta.

2.8. Kæur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

Samkvæmt 35. gr. lögreglulaga fer ríkissaksóknari með rannsókn kærumála vegna ætlaðra refsiverðra brota starfsmanna lögreglu við framkvæmd starfa þeirra. Lögreglustjórum ber að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn slíkra mála. Á árinu 2013 leitaði ríkissaksóknari eftir aðstoð við rannsókn frá embætti sérstaks saksóknara í nokkrum málum. Um rannsókn þessara mála og afgreiðslu fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. Málalok samkvæmt lögum geta verið á fimm vegu, að kæru sé vísað frá sbr. 4. mgr. 52. gr., að rannsókn máls sé hætt sbr. sama ákvæði, að málið sé felld niður að lokinni rannsókn ríkissaksóknara ef það sem fram hefur komið við rannsóknina telst ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis sbr. 145. gr., að fallið sé frá saksókn sbr. 146. gr. Þrátt fyrir að ætla megi samkvæmt játningu kærða og öðrum gögnum að brot hafi verið framið, og loks að gefin sé út ákæra. Kvörtunum eða athugasemdum vegna framgöngu og starfshátta lögreglu, þegar ekki er um refsiverða háttsemi að ræða, á ekki að beina til ríkissaksóknara heldur viðkomandi lögreglustjóra eða ríkislögreglustjóra eftir atvikum.

Ríkissaksóknari hafði á árinu 2013 til afgreiðslu 36 kærumál á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð refsiverð brot við framkvæmd starfa þeirra og tók auk þess eitt mál til rannsóknar að eigin frumkvæði. Af kærumálunum 36 voru þrjú sem tengdust embætti sérstaks saksóknara. Eitt þessara 36 mála leiddi til útgáfu ákæru en það máli er reifað í kafla X um brot í opinberu starfi. Kærum var *vísað frá í ellefu málum, *í þrettán málum var rannsókn hætt og **níu mál voru rannsókuð að fullu en felld niður á grundvelli 145. gr. laga um meðferð sakamála. Í fimm málum kom ríkissaksóknari athugasemdum eða aðfinnslum á framfæri við lögreglu um atriði sem þóttu mega betur fara í starfi lögreglunnar. Tvö mál eru enn óafgreidd.

Rúmlega helmingur kærumálanna, eða 21 þeirra, tengdust handtökum kæranda þannig að kærðar voru ólögmetar handtökur og/eða harðræði ýmiss konar í tengslum við handtöku, vistun í fangaklefa eða í framhaldi af handtöku. Skiptist það nokkuð jafnt hvort málum þessum sem vörðuðu handtöku og önnur afskipti lögreglu var lokið á grundvelli 145. gr. laga um meðferð sakamála eða rannsókn þeirra hætt eða þeim vísað frá. Þá bárust kærur sem vörðuðu meint brot í tengslum við hlustun embættis sérstaks saksóknara á sínum og ein kæra vegna meintra brota lögreglu við notkun tálbeitu.

*Sum málanna voru afgreidd á árinu 2013.

** Sum málanna voru afgreitt á árinu 2014 og eitt árið 2015.

Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

Ár	Kærur alls	Niðurfelling	Fallið frá saksókn	Ranns. hætt	Kæru vísað frá	Ákæra	Dómur, sakf.	Dómur. Sýkn.	Áfrýjað	Hæstir.	Í vinnslu um áramót
2009	18	6	0	10	1	1	0	1	1	sakf.	0
2010	27	8	0	14	1	3	sekt	1	0	0	1
2011	31	4	0	17	8	2	sekt	1	1	sýkn	0
2012	30	10	1	10	9	0	0	0	0	0	0
2013	36	5		10	3	1	1		1		18

2.9 Áfrýjunarmál

Útgefnar áfrýjunarstefnur á árinu 2013 voru 113 talsins, í 109 málum.

Ákærvaldið hafði frumkvæði að áfrýjun í 21 máli. Fimm málanna vörðuðu kynferðisbrot. Í þremur af þeim málum var sakfelling og refsíákvörðun héraðsdóms staðfest, sýkna var staðfest í einu og refsing var þyngd í einu máli. Þremur líkamsárásur var áfrýjað af ákærvaldinu. Sýkna var staðfest í tveimur og einu máli var heimvísað og var refsing í því máli þyngd í héraði. Einum sýknudómi er varðaði umboðssvik var áfrýjað og var sakfelld honum í Hæstarétti. Einum sýknudómi er varðaði skattalagabrot var áfrýjað og var ákærða dæmd sekt, jafnframt var einum sakfellingardómi áfrýjað og var refsing þyngd í því máli. Tveimur málum vegna fjárdráttar var áfrýjað. Í öðru málinu var refsing þyngd en í hinu var sýknudómi vísað heim í hérað, sem sýknaði. Í einu máli voru tveir aðilar ákærðir fyrir brot á hlutafélagalögum og var annar sýknaður og hinn dæmdur til greiðslu sektar í héraðsdómi. Í því máli þyngdi Hæstiréttur refsingu í skilorðsbundið fangelsi að hluta yfir öðrum og skilorðsbundið fangelsi að öllu leyti hvað hinn ákærða varðaði. Hæstiréttur staðfesti sýknudóm vegna ölvunaraksturs sem ákærvaldið áfrýjaði og sömuleiðis sýknudóm vegna brots gegn 4. gr. 220. gr. alm. hgl. í tengslum við ölvunarakstur. Refsing var þyngd í einu máli vegna rangra sakargifta. Þremur málum vegna fíkniefnaaksturs var áfrýjað af ákærvaldinu. Refsing í einu málanna var þyngd, lækkuð í einu og einu var heimvísað. Tveimur sýknudómum var heimvísað er vörðuðu tilraun til að smygla annars vegar fíkniefnum og hins vegar sterum inn í fangelsi. Endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir í þeim málum.

Dómfelldu höfðu frumkvæði að áfrýjun í 87 málum en fallið var frá áfrýjun í 7 þeirra. Hæstiréttur sýknaði í 7 tilvikum, í 20 málum var refsing milduð, í 14 refsing þyngd og í 45 málum var niðurstaða héraðsdóms staðfest. Einu máli var heimvísað og er það ódæmt.

Hegningarlagabrot 2012		Sérrefsilagabrot 2012	
Brot í opinberu starfi	1	Fiskveiðibrot	2
Kynferðisbrot	29	Umferðarlagabrot	3
Rangar sakargiftir	1	Ölvunar-fíkniefnalyfjaakstur	7
Auðgunarbrot	13	Fíkniefnabrot	5
Líkamsárásir	22	Önnur sérrefsilög	6
Fíkniefnabrot - stórfellt	3		113
Skjalafals	1		
Manndráp	1		
Tilraun til manndráps	2		
Manndráp af gáleysi	1		
Brot gegn valdstjórninni	6		
Peningaþvætti	1		
Skattalagabrot - stórfellt	9		

2.10 Sektarboð og sektargerðir

Árið 2013 varð breyting á reglugerð um lögreglustjórasedir og tekin í notkun vettvangsskýrsla vegna umferðarlagabrot. Þá getur sá kærði undirritað vettvangsskýrslu á vettvangi og er honum síðan sendur greiðsluseðill. Áður var sent út sektarboð í slíkum málum. Sektarboð er hins vegar enn sent út ef ekki næst í þann brotlega, t.d. vegna hraðamyndavéla.

Í árslok 2013 höfðu lögreglustjórar sent út sektarboð vegna 27.550 brota. Í sektarboðum er einvörðungu um að ræða umferðarlagabrot. Þar af höfðu 23.956 sektarbot verið greidd á árinu en það er 86,95% af útsendum sektarbotum í sektarboðum. Þau brot sem oftast var sektað fyrir var of hraður akstur eða 21.256 brot. Af heildarfjölda þessara brota voru 13.028 brot úr stafrænum hraðamyndavélum.

Heildarfjöldi brota í sektargerðum lögreglustjóra voru 4.637 í árslok. Þar af höfðu 1.753 brot verið greidd á árinu eða 37,8%. Flest brotin vörðu umferðarlagabrot eða 2.806 þar af 890 vegna ölvunaraksturs. Alls var 967 minniháttar brotum gegn lögum um meðferð ávana- og fíkniefna lokið með sektargerð og 129 hegningarlagabrotum og er þar um að ræða 108 þjófnaðarbrot. Einng var 735 brotum gegn öðrum sérrefsilögum en umferðarlögum og ávana- og fíkniefnalögum, lokið með sektargerð.

Það athugist að eitt sektarboð eða ein sektargerð getur falið í sér fleiri en eitt brot.

3. kafli

Dómsmeðferð mála

3.1. Manndráp og tilraunir til manndráps

Manndráp

Ríkissaksóknari ákærði í einu manndrápsmáli á árinu 2013. Ákæran var gefin út í því máli 23. júlí og var karlmanni gefið að sök að hafa orðið öðrum manni að bana með hnífi á Egilsstöðum í maí það ár með því að stinga hann tvisvar með hnífi í brjóstið og ítrekað í háls, andlit, höfuð, hægri handlegg og vinstra læri, með þeim afleiðingum að hann lést. Ákærði var sakfelldur í Héraðsdómi Austurlands í málinu S-44/2013 og hlaut hann sextán ára fangelsisdóm. Háttsemi ákærða varðaði við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði áfrýjaði og Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms og er númer málsins í Hæstarétti 729/2013.

Ríkissaksóknari ákærði í fjórum málum vegna tilraunar til manndráps, í tveimur málum þar sem karlmönnum var gefið að sök að hafa stungið aðra karlmenn og í tveimur tilfellum var sami maður ákærður fyrir tilraun til manndráps; með því að veitast að stúlkubarni með hníf og reyna að skera hana á háls og með því að brjótast inn hjá annari stúlku í því skyni að svipta hana lífi. Tilraun til manndráps varðar við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ríkissaksóknari gaf 6. febrúar 2013 út ákæru á hendur manni fyrir tilraun til manndráps með því að hafa stungið annan mann í hægri síðu þannig að hnífurinn gekk inn í nýra og særði milta, sem læknað þurftu að fjarlægja. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 28. júní 2013 í máli S-100/2013 var ákærði sýknaður. Hæstiréttur ómerkti dóm héraðsdóms eftir áfrýjun ríkissaksóknara vegna þess að ekki hafði verið gætt að því að hafa dóminn fjölskipaðan. Málsnúmer þessa máls í Hæstarétti er nr. 547/2013.

Ríkissaksóknari gaf 4. október 2013 út ákæru á hendur manni fyrir tilraun til manndráps með því að hafa stungið mann með hnífi í brjóstið. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 2013 í máli S-277/2013 var ákærði sakfelldur og dæmdur til að sæta fimm ára og sex mánaða fangelsi. Ákærði áfrýjaði og staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms. Er númer málsins í Hæstarétti 66/2014.

Ríkissaksóknari gaf 17. júlí 2013 út ákæru á hendur ungum manni fyrir tilraun til manndráps, þar sem hann veittist að 8 ára gömlu stúlkubarni sem hann hitti á förnum vegi í apríl 2013 og leitaðist við að skera hana á háls. Skar ákærði stúlkuna nokkrum sinnum í hálsinn með hníf í því skyni að svipta hana lífi. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 17. júlí 2013 í máli S-695/2013 var hann sakfelldur fyrir þessa háttsemi. Héraðsdómur sýknaði sama mann aftur á móti af sambærilegum sakargiftum samkvæmt ákæru ríkissaksóknara frá 13. ágúst 2013, þar sem honum var gefið að sök að hafa brotist inn á heimili annarrar stúlku, vopnaður hnífi, í því skyni að bana henni, en tilraunin bar ekki árangur þar sem stúlkan var ekki heima. Hæstiréttur sakfelldi ákærða samkvæmt báðum ákærunum eftir áfrýjun ríkissaksóknara og er mál Hæstaréttar nr. 201/2014. Ákærði var, þrátt fyrir að vera talinn sakhæfur á verknaðarstundinni, ekki dæmdur til refsingar heldur til að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun. Var þetta gert með vísan til 16. gr. almennra hegningarlaga.

3.2 Líkamsárásir

Ríkissaksóknari fer með ákæruvald í málum sem varða brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. líkamsárásum þegar stórfellt líkams- eða heilsutjón hlýst af eða brotið er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar sem notuð er, svo og þegar sá sem sætir líkamsárásinni hlýtur bana af.

Ríkissaksóknari ákærði í 45 málum fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á árinu 2013. Flest þeirra voru vegna líkamsárása sem voru sérstaklega hættulegar vegna þeirrar aðferðar sem notuð var, þ. á m. tækja. Í tveimur tilfellum hlaut bani af. Af þessum málum var í 19 tilvikum um árásir að ræða þar sem glerflösku eða glerglasi var slegið eða kastað í höfuð eða andlit brotþola, ákært var í 9 málum vegna hnífstungna, fjórum þar sem sparkað hafði verið í höfuð manna og 11 þar sem brotþolar höfðu verið slegnir illa með hnefa eða barefli eða fall af völdum slíkra högga jók á hættuna sem stafaði af brotinu. Í einu tilviki var faðir ákærður fyrir að valda dauða barns síns með því að hrista það og í einu tilfalli var ákært fyrir þá háttsemi að bita annan mann illa. Gerendur í þessum málum voru 56 að tölu og voru þar karlmenn í miklum meirihluta eða 51 ákærðu á móti 5 konum.

Næri öll þeirra 19 tilvika sem ákært var vegna árasa með glösum og flöskum áttu sér stað inn á eða í námunda við veitingastaði þar sem áfengi var haft um hönd. Algengasta afleiðingin af slíkum árásum voru skurðir og brot á höfuðbeinum. Afleiðingar þessara brota geta þó oft verið slæmar svo sem varanleg lýti, brotnar tennur, skert sjón eða sjóntruflanir og tilfinningaleysi í hluta höfuðs. Algengasta refsingin fyrir þessi brot er 6 – 8 mánaða fangelsi sem oftast er skilorðsbundið.

Ríkissaksóknari ákærði á árinu 2013 í fjórum málum vegna sérstaklega hættulegra líkamsárása samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þar sem í hlut áttu eiginmenn, unnustar og fyrrverandi eiginmenn eða unnustar brotþola.

Ríkissaksóknari gaf 6. febrúar 2013 út ákæru á hendur manni fyrir að veitast að fyrrverandi unnustu sinni og slá hana í andlitið með hurðarhúni með þeim afleiðingum að hún hlaut skurð í gegnum neðri vör og fjórar brotnar tennur, og þurfti að fjarlægja báðar miðframtennur í efri gómi. Maðurinn var einnig ákærður fyrir ölvunarakstur og valdstjórnbrot þar sem hann sparkaði í andlit lögreglumanns. Héraðsdómur Reykjavíkur sakfelldi ákærða í máli nr. S-98/2013 og dæmdi

hann til 9 mánaða fangelsisrefsingar, en þar af voru 7 mánuðir skilorðsbundnir. Að auki var ákærði sviptur ökurétti vegna ölvunaraksturs. Dómnum var ekki áfrýjað.

Ríkissaksóknari gaf 15. júlí 2013 út ákæru á hendur tveimur karlmönnum fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás auk fleiri brota. Annar manna var ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás gegn unnustu sinni með því að slá hana ítrekað með hnefa í andlit og hrinda henni niður stiga. Að auki var hann ákærður ásamt hinum mannum fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás á karlmann í tvö skipti. Héraðsdómur Vesturlands sakfelldi ákærðu 22. ágúst 2013 í máli S-71/2013 og dæmdi fyrrnefnda manninn til 12 mánaða fangelsisrefsingar, en hinn síðarnefnda til að sæta 8 mánaða fangelsisrefsingu, en 5 mánuðir voru skilorðsbundnir. Dómnum var ekki áfrýjað.

Ríkissaksóknari gaf 2. október 2013 út ákæru á hendur 6 mönnum í svokölluðu Stokkseyrarmáli. Var mönnum gefið að sök að hafa svipt tvo menn frelsi sínu og hafa beitt þá grófu líkamlegu ofbeldi á meðan á frelsissviptingunni stóð. Töldust frelsissviptingarbrotnin eiga undir 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga. Þá var einum þeirra að auki gefið að sök sérstaklega hættulega líkamsárás gegn fyrrum unnustu sinni með því að hafa hert að hálsi hennar með bandi af baðslopp svo henni lá við köfnun og hlaut punktblæðingu í augum. Dómur gekk í Héraðsdómi Reykjavíkur 14. febrúar 2013 í máli S-929/2013 og dæmdi hann tvo hinna ákærðu til að sæta 6 ára fangelsisrefsingu, einn til að sæta 3 ára og 6 mánaða fangelsi og tvo til 2 ára og 6 mánaða fangelsis. Rétt er að taka fram að tveir hinna fyrst töldu voru einnig sakfelldir fyrir umferðarlagabrot og fleira. Dómnum var ekki áfrýjað.

Ríkissaksóknari gaf 25. júní 2013 út ákæru á hendur karlmanni fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás á hendur fyrrverandi eiginkonu sinni með því að hafa á árinu 2011 hent glerglasi í andlit hennar með þeim afleiðingum að hún hlaut skurð á enni og bólgu á augnloki. Þá var mannum gefið að sök í sömu ákæru að hafa þremur mánuðum síðar slegið konuna í andlitið með krepptum hnefa, en sú háttsemi var talin varða við 217. gr. almennra hegningarlaga, að hafa um líkt leyti sent henni þrjú smáskilaboð sem innihéldu hótanir um líkamsmeiðingar og hafa rúmum tveimur mánuðum síðar haft uppi slíkar hótanir í símtali við konuna. Héraðsdómur Reykjaness sakfelldi ákærða 22. nóvember 2013 í máli S-657/2013 og dæmdi hann til 10 mánaða fangelsisrefsingar og voru 9 mánuðir skilorðsbundnir. Dómnum var ekki áfrýjað.

Ríkissaksóknari gaf 22. maí 2013 út ákæru á hendur manni fyrir að stinga annan með hnífi þar sem sá síðarnefndi var að skríða inn um glugga á heimili ákærða. Hlaut hann 10 cm langan skurð á aftanverðu hægra læri sem náði í gengum vöðva alveg niður að lærbeini, grunnan skurð á læri og grunnan skurð á pung. Ákærði játaði brot sitt en gaf þær skýringar að hann hafi komið að manni sem var að brjótast inn á heimili hans. Hann hafi komist að því eftir að hann stakk manninn að hann var vinur hans. Taldi hann eiga að líta til þess að hann hringdi sjálfur á sjúkrahúsi og lögreglu eftir atvikið og hlúði að særða. Héraðsdómur Reykjaness sakfelldi ákærða 15. júlí 2013 í máli S-623/2013 og dæmdi hann til að sæta 12 mánaða fangelsi, þar af voru 9 mánuðir skilorðsbundnir. Dómnum var ekki áfrýjað.

Ríkissaksóknari gaf 30. maí 2013 út ákæru á hendur tveimur föngum á Litla Hrauni fyrir að hafa orðið samfanga sínum að bana með því að veita honum högg á kvið með þeim afleiðingum að rof kom á milta mannsins og hann lést af innvortis blæðingum skömmu síðar. Málið er enn til meðferðar við Héraðsdóm Suðurlands.

Ríkissaksóknari gaf 31. maí 2013 út ákæru á hendur karlmanni og konu fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás í tengslum við rán í apóteki, þar sem þau veittust að starfsmanni apóteksins og slógu hann með kúbeini tvisvar til þrisvar sinnum, þar af einu sinni í höfuð. Héraðsdómur Norðurlands eystra sakfelldi ákærðu 30. október 2013 í máli S-48/2013 og hlaut karlmaðurinn tveggja ára og sex mánaða fangelsisrefsingu, en konan 12 mánaða fangelsi þar af 10 mánuði skilorðsbundna. Dómnum var ekki áfrýjað.

Ríkissaksóknari gaf 3. desember 2013 út ákæru á hendur föður fimm mánaða gamallar stúlku fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa hrist stúlkuna svo harkalega að hún hlaut m.a. mikla innanbastblæðingu í hægra heilahveli, mikinn heilabjúg og aðra áverka á heila sem leiddu til dauða hennar nokkrum klukkustundum síðar. Þetta var í annað skiptið sem ákært hefur vegna svo kallaðs „Shaken Baby Syndrome“ á Íslandi. Héraðsdómur Reykjavíkur sakfelldi ákærða 10. apríl 2014 í máli S-1270/2013 og dæmdi hann til að sæta 5 ára fangelsi. Dómnum var áfrýjað og staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms í hæstaréttarmáli nr. 294/2014.

3.3 Ávana- og fíkniefnabrot

Tveir dómur féllu í Hæstarétti á árinu 2013 þar sem sakfelldur var fyrir stórfelldu fíkniefnalagabrot samkvæmt 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. dóma í málunum nr. 574/2012 og 754/2012.

Í fyrra málinu var L sakfelldur fyrir tilraun til stórfellds fíkniefnalagabrots með því að hafa, ásamt fjórum öðrum, gert tilraun til að flytja hátt í 4 kg af amfetamini til Íslands frá Danmörku ætluðu til söludreifingar hér á landi. L neitaði sök hjá lögreglu og fyrir dómi en var þrátt fyrir það sakfelldur fyrir brotið og dæmdur til að sæta fangelsi í 3 ár og 9 mánuði í héraði en refsing hans var ákveðin 3 ár í Hæstarétti vegna óhóflegs dráttar á afgreiðslu málsins í héraði.

Í seinna málinu var X sakfelldur fyrir stórfelldu fíkniefnalagabrot með því að hafa, ásamt tveimur öðrum, staðið að og skipulagt innflutning frá Danmörku til Íslands á 569,15 g af kókaíni. Við sakfellingu X var m.a. byggt á hljóðritunum á

símtölum sem ákærði átti vegna innflutningsins og litið til ótrúverðugs framburðar ákærða. Við ákvörðun refsingar var litið til magns og styrkleika efnanna, auk þess sem vísað var til þess að um samverknað var að ræða. Refsing ákærða var ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Á árinu 2013 voru 13 mál til meðferðar hjá embætti ríkissaksóknara sem vörðuðu stórfelld fíkniefnabrot samkvæmt 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Tvö málanna voru endursend lögreglustjórum til þóknarlegrar meðferðar þar sem brotin voru talin varða við lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, en ekki við ákvæði almennra hegningarlaga. Ákærur voru gefnar út í ellefu málanna og var sakfelld í þeim öllum. Í tíu málum var um innflutning til landsins að ræða frá hinum ýmsu löndum; Frakklandi, Danmörku, Póllandi, Þýskalandi og Belgíu. Fíkniefnin sem flutt voru inn til landsins voru amfetamín, MDMA (e. ecstasy) og kókaín. Í málunum tíu voru samtals 11 íslenskir karlmenn ákærðir og 6 erlendir karlmenn. Fíkniefnin voru ýmist falin í líkama ákærðu, í dósnum og pakkningum í farangri eða send til landsins með póstsendingum. Í sjö málanna var um að ræða að svokölluð „burðardýr“ komu ein til landsins með flugi í gegnum Keflavíkflugvöll. Í þremur málanna voru fleiri en einn karlmaður dæmdir saman fyrir að hafa staðið að innflutningi fíkniefna til landsins. Sem dæmi má nefna að með dómi héraðsdóms í málinu nr. S-268/2013 voru sjö menn dæmdir fyrir stórfelldan innflutning til landsins á samtals 19.435,62 g af amfetamíni, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Fíkniefnin bárust til landsins falin í varningi pökkuðum í fjóra kassa sem voru póstlagðir frá Danmörku og teknir til tollskoðunar á póstmíðstöðinni að Stórhöfða í Reykjavík. Ákærðu skiptu með sér verkum og voru allir sakfelldir fyrir brot sín, sumir að hluta en aðrir að öllu. Sá sem var dæmdur til þyngstrar refsingar hlaut fangelsi í 6 ár og vægasta refsingin í málinu var 10 mánaða fangelsi sem var ákveðið skilorðsbundið í 2 ár.

Tveir dómur voru kveðnir upp í Hæstarétti á árinu 2014 vegna stórfelldra fíkniefnabrota sem ákært var fyrir á árinu 2013.

Með dómi Hæstaréttar nr. 792/2013 var X dæmdur til að sæta fangelsi í 12 mánuði fyrir stórfelld fíkniefnabrot, en X var ákærður ásamt öðrum manni Y fyrir að hafa staðið að innflutningi á um 2,4 kg af amfetamíni til landsins frá Þýskalandi. Þáttur X var milliganga milli meðákærða Y og annars manns vegna innflutningsins.

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 417/2013 var X dæmdur fyrir stórfelld fíkniefnalagabrot fyrir að hafa haft 421 töflu og 3,79 g af töflumulningi af MDMA til söludreifingar í ágóðaskyni í vörslum sínum á heimili sínu á Akureyri. X játaði sök og var mjög samvinnuþýður við rannsókn málsins hjá lögreglu. Var hann dæmdur til að sæta fangelsi í 15 mánuði sem var ákveðið skilorðsbundið í 5 ár í ljósi þess að mikil tölfrátt varð á málinu við meðferð þess hjá lögreglu.

3.4 Kynferðisbrot

Á árinu 2013 voru 81 ákærur gefnar út er vörðuðu kynferðisbrot. Sem fyrr reyndi á ýmis atriði og sum málanna voru með þeim alvarlegustu sinnar tegundar. Verður hér tæpt á því helsta.

Kynferðisbrot og frelsissvipting

Tvö mál voru áberandi á árinu þar sem verknaðir gerenda fólu bæði í sér kynferðisbrot og frelsissviptingu gagnvart börnum. Dómarnir sem féllu í málunum sýna mjög glögg tækt að frelsissvipting í kynferðislegum tilgangi hefur veruleg áhrif við ákvörðun refsingar.

Þann 9. janúar 2013 voru tvær 7 ára telpur staddar í strætisvagnabiðskýli skammt frá heimilum sínum er ókunnugur maður gaf sig á tal við þær og sagði þeim að fara inn í bifreið hans undir því yfirskini að ætla að fara með þær inn í tiltekna verslun þar sem þær hefðu verið að stela úr versluninni, en ella sagðist maðurinn ætla að hringja á lögreglu ef þær hlýddu ekki. Í kjölfarið ók maðurinn með þær á malarveg skammt frá Rauðavatni. Þar stöðvaði hann bifreiðina og áreitti þær kynferðislega með því að setjast hjá þeim í aftursæti bifreiðarinnar, spyryja hvort þær ættu kærasta, kyssti aðra telpuna á kinnina og snerti maga þeirra beggja og læri utan klæða. Að því loknu ók maðurinn þeim aftur til baka og hleypti þeim út skammt frá þeim stað þar sem hann hafði neytt þær upp í bifreiðina. Ríkissaksóknari gaf út ákæru þann 2. júlí 2013 þar sem ákærða var gefið að sök brot gegn 193. gr., 2. mgr. 202. gr. og 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði játaði sök. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, í málinu nr. S-651/2013, kom fram að ákærði hafi gengist undir sáttir vegna brota gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, hann hefði gefið sig sjálfviljugur fram við lögreglu eftir að lýst var eftir honum og gengist greiðlega við brotum sínum. Þá hafi hann reynt að vinna bug á vanda sínum eftir að atvik málsins. Var hann sakfelldur fyrir það sem honum var gefið að sök og dæmdur til að sæta fangelsi í 3 ár. Í dómi Hæstaréttar, í málinu nr. 54/2014, kom fram að um heimfærslu brota til refsíákvæða yrði að líta til þess að ákærði hafi ekið með stúlkurnar tvær á afvikinn stað. Hafi þær verið algerlega á hans valdi í bifreiðinni, en þær voru sjö ára gamlar og lýstu fyrir dómi miklum ótta og hræðslu við ákærða. Þótt ekki hafi liðið lengri tími en tíu mínútur frá því að hann hitti börnin og þar til hann skilaði þeim aftur nálægt heimilum þeirra var í ljósi atvika málsins fallist á að háttsemi ákærða væri rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Við ákvörðun refsingar var litið til ásetningsstigs ákærða, en í dómi Hæstaréttar er tekið fram að ljóst væri af gögnum málsins að ákærði hafi numið börnin á brott í bifreið sinni í því skyni að brjóta gegn þeim kynferðislega. Var dómur héraðsdóms um 3 ára fangelsisrefsingu staðfestur með ofangreindum athugasemdum.

Þann 14. maí 2013, um kl. 14:30, var 10 ára telpa á leið heim til sín úr skóla er maður veittist að henni með ofbeldi, þreif í hana þar sem hún var stödd skammt frá heimili sínu, tók fyrir munn hennar er hún öskraði á hjálp, og færði hana í afturstæði bifreiðar sinnar þar sem hann lagði hana á gólfíð og breiddi yfir hana fatnað. Ók hann síðan með hana

upp í Heiðmörk þar sem hann stöðvaði bifreiðina við Heiðmerkurveg og braut gegn henni kynferðislega. Settist hann í aftursæti bifreiðarinnar hjá telpunni og skipaði henni að gera eins og hann segði, m.a. klæða sig úr fötum, ella myndi hann meiða hana og foreldra hennar. Er hún var komin úr öllu nema nærbol þuklaði hann á líkama hennar, kyssti hana á hné, lét hana snerta getnaðarlim sinn og fróa sér, lét hana hafa við sig munnmök og setti fingur sína í kynfæri hennar og endaparm. Hlaut telpan marbletti á læri og rispu við leggangaop. Meðan á þessu stóð tók maðurinn 1 hreyfimynd og 14 ljósmyndir af athæfinu á farsíma sinn. Er lögregla handtók manninn síðar sama dag hafði hann myndirnar í vörslum sínum. Ríkissaksóknari gaf út ákæru þann 5. júlí 2013 þar sem honum var gefið að sök kynferðisbrot og sifskapar- og frelsissviptingarbrot, auk fíkniefnalagabrots, sbr. 193. gr., 1. mgr. 194. gr., 1. og 2. mgr. 202. gr., 1. mgr. 210. gr. a. og 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974. Við meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur krafðist ríkissaksóknari þess að ákærða yrði gert að sæta a.m.k. 10 ára fangelsisrefsingu. Fjölskipaður dómur Héraðsdóms Reykjavíkur taldi brot ákærða vera gríðarlega alvarleg og dæmdi hann til sjö ára fangelsisrefsingar. Hæstiréttur Íslands þyngdi fangelsisrefsingu ákærða í 10 ár. Í forsendum dómsins, í málinu nr. 756/2013, er þung áhersla lögð á hátt ásetningsstig ákærða. Er því lýst hvernig ákærði villti á sér heimildir gagnvart barninu, hvernig hann leitaðist við að afla sér fjarvistarsönnunar og hvernig hann reyndi að leynd brotum sínum í kjölfarið. Þá hafi hann tekið ljósmyndir og hreyfimynd af barninu á brotavettvangi. Síðan segir í dómnum: „Allt framangreint ber skýran vott um að brot ákærða voru þaulskipulögð og lýsir styrkum og einbeittum brotavilja hans, sbr. 6. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.“ Þá er horft til fleiri atriða til refsilyngingar, þ.e. að kynferðisbrotið hafi verið framið á sérstaklega meiðandi hátt sbr. c. lið 195. gr. almennra hegningarlaga, og að brotin beindust gegn varnarlausu barni sem átti sér einskis ills von, svo og að frelsissviptingin varði í rúmar tvær klukkustundir. Þá er litið til hvata ákærða, sbr. 7. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga að ákærði hafi, áður en hann framdi brot sín, hlaðið niður í farsíma sinn stundatöflum nokkurra grunnskóla og æfingatöflum þriggja deilda íþróttafélags, auk þess sem í bifreið hans fundust miðar með nöfnum og símanúmerum þriggja ungra stúlkna.

Það reyndi einnig á frelsissviptingu í kynferðisbrotamáli sem átti sér stað þann 20. apríl 2013. Í ákæru ríkissaksóknara er ákærða gefið að sök brot gegn hegningarlögum, frelsissviptingu með því að halda konu nauðugri í verslunarhúsi í 30 til 40 mínútur, og nauðgun og líkamsárás, en ákærði, sem hafði lykla að húsinu, beitti konuna líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi meðan á frelsissviptingunni stóð og hleypti henni ekki út þótt hún bæði um það og reyndi að komast út úr húsnæðinu m.a. með því að brjóta gler í útidyrhurð. Héraðsdómur Reykjavíkur sakfelldi manninn fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr., 2. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga. Var honum gert að sæta fangelsi í 5 ár. Í dómi Hæstaréttar Íslands, í málinu nr. 790/2013, var refsiakvörðun staðfest, en líkamlega ofbeldið heimfært undir ákvæði 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga í stað 2. mgr. 218. gr. sömu laga.

Kynferðisbrot gegn börnum, tengsl brotþola og ákærða

Hér á eftir er reifuð tvö mál sem vörðuð m.a. gróf kynferðisbrot gegn sonardóttur og dætrum ákærðu.

Í mars 2013 var maður ákærður fyrir tvö kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum. Fyrri ákæruliðurinn laut að 5-6 brotum ákærða gegn sonardóttur hans á árunum 2011 og 2012 þegar stúlkan var 9 og 10 ára að aldri, með því að hafa káfað innanklæða á kynfærum hennar og í einu tilviki sett fingur inn í leggöng stúlkunnar. Í öðrum lið ákærunnar var ákærða gefið að sök að hafa káfað innanklæða á kynfærum sjö ára stúlkubarns og jafnframt fyrir að hafa káfað á kynfærum hennar utanklæða. Við meðferð málsins fyrir dómi játaði ákærði sök samkvæmt ákæru að öðru leyti en því að hann neitaði að hafa sett fingur í leggöng sonardóttur sinnar.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu hafði ákærði játað að hafa sett hluta fingurs inn í kynfæri sonardótturinnar, en framburður hans fyrir dómi var nú á annan veg. Kvaðst ákærði hafa verið undir miklu álagi við yfirheyrslu hjá lögreglu og hefði hann játað til að ljúka skýrslutökunni af. Í dómnum er rakið að verjendur hafi verið með manninum við yfirheyrslu og ekki verði annað séð en að yfirheyrslan hafi farið eðlilega fram. Var það því mat dómsins að ákærði hefði ekki gefið trúverðuga skýringu á breyttum framburði fyrir dómi. Í vottorði barnalæknis og kvensjúkdómalæknis kom fram að við líkamsskoðun á brotþola hafi komið fram óeðlilegt útlit á meyrjarhafti. Meyjarhaft hafi vantað hægra megin en vinstra megin hafi mátt sjá mjög þunna brún meyrjarhafs sem var ójöfn ofarlega. Kemur fram að það að meyrjarhaft vanti hægra megin geti samræmt frásögn stúlkunnar um meint kynferðisbrot. Þá lá einnig fyrir vottorð sálfræðings vegna brotþola þar sem fram kemur að hún hafi haft ýmis einkenni áfallastreituröskunar. Hún hafi komist í kynni við kynferðislegar athafnir löngu áður en hún hafði þroska til að takast á við slíkt og geti það mótað samskipti hennar við hitt kynið til framtíðar, auk þess að skaða sjálfsmynd hennar. Mat dómsins var að brotþoli hefði lýst atvikum á einlægum og trúverðugan hátt. Frásögn hennar var talin vera í samræmi við lýsingu ákærða á atvikum í yfirheyrslu hjá lögreglu og þá fengi framburður hennar jafnframt stoð í læknisfræðilegum gögnum. Framburður brotþola var því lagður til grundvallar í málinu.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-187/2013 voru brot ákærða samkvæmt I. kafla ákæru talin varða við 1. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Brot ákærða samkvæmt II. kafla ákæru voru heimfærð undir 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Um refsisjónarmið var tekið tillit til þess að um kynferðisbrot gegn tveimur barnungum stúlkum hefði verið að ræða og að brotin gegn sonardóttur ákærða hefðu verið sérstaklega alvarleg. Með þeim hefði ákærði algjörlega brugðist trúnaðarskyldum sínum við barnið. Við ákvörðun refsingar var litið til 1. töluliðar 1. mgr. 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga og 5. mgr. 202. gr. sömu laga. Var ákærði dæmdur í 2 ára fangelsi, en frá refsingunni dróst gæsluvarðhaldsvist ákærða. Málinu var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Í lok árs 2013 var karlmaður ákærður fyrir kynferðisbrot gegn tveimur dætrum hans. Brotin vörðuðu við 1. mgr. 202. gr. og 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Mál sem þessi eru afar flókin og viðkvæm vegna tengslanna milli geranda og þolanda. Ákæra í málinu var í þremur liðum en ákærða var í fyrsta lagi gert að sök að hafa á árinu 2005 strokið 11 ára dóttur hans innanklæða og káfað á brjóstum hennar, sett hendi stúlkunnar ofan í nærbuxur ákærða og látið hana strjúka getnaðarlim hans, strokið kynfæri hennar og stungið fingri inn í leggöng hennar. Ákærði játaði sök hvað þennan ákærulið varðar, nema að því leyti að hann neitaði því að hafa stungið fingri inn í leggöng stúlkunnar. Ákærða var í öðru lagi gefið að sök að hafa aftur brotið gegn sömu dóttur árið 2009, þegar hún var 15 ára að aldri, með því að hafa káfað á brjóstum hennar utanklæða, þar sem hún lá sofandi í sófa á heimili hans. Ákærði neitaði sök. Þriðji ákæruliðurinn varðaði kynferðisbrot árið 2009 gegn annarri dóttur ákærða, sem þá var 19 ára að aldri, með því að hann hefði káfað á lærum hennar, þar sem hún lá í rúmi ákærða og ítrekað reynt að káfa á kynfærum hennar. Ákærði neitaði sök. Þá var gefin út önnur ákæra í lok janúar 2014 á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot með því að hafa í tvígang árið 2013 greitt samtals 50.000 kr. fyrir vændi og var það mál sameinað fyrra málinu fyrir dómi. Ákærði játaði vændiskaupin fyrir dómi. Dómur í málinu var fjölskipaður og klotnaði hann í niðurstöðu sinni. Meirihlutinn sakfelldi ákærða samkvæmt ákæru. Um 1. ákæruliðinn vísaði dómurinn meðal annars til þess í rökstuðningi sínum að brotapolí hefði skýrt móður sinni frá því sem gerst hafði nokkrum mánuðum eftir að atvik máls áttu sér stað. Móðirin greindi stjúpfoður stúlkunnar frá atvikinu sem aftur sagði kærustu ákærða. Móðir brotþola kvað dóttur sína hafa sagt sér að ákærði hafi „notað fingur“ á kynfæri hennar og skýrt hefði komið fram í framburði brotþola að hún myndi mjög vel eftir að ákærði hefði stungið fingri sínum úr kynfæri hennar. Það væri raunar það sem hún myndi best eftir. Mat dómsins var að brotapolí hefði gefið trúverðuga skýrslu fyrir dómi en um mat á framburði ákærða væri til þess að líta að hann hefði verið ölvaður og hefði ítrekað borið því við í yfirheyrslu hjá lögreglu að hann myndi atburði takmarkað. Við meðferð málsins fyrir dómi hefði ákærði hins vegar borið um að muna atvik að öllu leyti. Lagði dómurinn trúverðugan framburð brotþola til grundvallar niðurstöðu, sem fékk stuðning í framburði móður hennar, og var ákærði sakfelldur fyrir 1. ákæruliðinn.

Í séráliti eins dómara um 1. ákærulið var rakið að brotapolí hefði gefið trúverðuga skýrslu fyrir dómi en ákærði hefði ekki verið ótrúverðugur þegar hann neitaði að hafa strokið kynfæri dóttur sinnar og stungið fingri inn í leggöng hennar. Framburður brotþola stýddist ekki við annað en frásögn móður hennar sem bar að brotapolí hefði sagt sér nokkrum mánuðum eftir atvikið hvað ákærði hefði gert á hlut hennar. Síðan hefðu liðið meira en 7 ár þar til brotapolí gaf skýrslu hjá lögreglu. Gegn neitun ákærða væri því ósannað að hann hefði strokið kynfæri brotþola og stungið fingri í leggöng hennar og ætti því að sýkna ákærða af þessum atriðum ákæruliðsins.

Ákærði neitaði sök í 2. ákærulið en kannaðist við að hafa strokið brotþola um bak, maga og höfuð í greint sinn þar sem hún lá sofandi í sófa á heimili hans. Var litið til þess að brotapolí hefði gefið trúverðuga skýrslu fyrir dómi, að hún hefði sagt móður sinni og stjúpa frá þessu atviki mjög skömmu eftir það. Ákærði hefði aftur á móti sagst „ráma í þetta“ í yfirheyrslu hjá lögreglu þegar lýsing brotþola á atvikum var borin undir hann og að þetta hafi verið „fyllerísrugl“. Fyrir dómi kvaðst hann hins vegar muna atvik betur núna. Ákærði var því sakfelldur fyrir 2. ákærulið.

Um sönnunarmat á þriðja ákæruliðnum var litið til þess við mat á trúverðugleika ákærða að við yfirheyrslu hjá lögreglu var hann spurður hvort hann hefði brotið kynferðislega gegn síðari brotþola. Svaraði hann því til að það hefði hann gert og sagði aðspurður um hvort hann hefði káfað á kynfærum hennar að ef hún segði það hlyti hann að hafa gert það. Fyrir dómi hefði ákærði hins vegar neitað sök og hefði framburður hans verið óstöðugur. Framburður brotþola hefði aftur á móti verið trúverðugur. Dómurinn veitir ágæta innsýn í það vandasama verk að vega og meta trúverðugleika framburðar. Þannig hafði það áhrif um mat á framburði ákærða að framburður hans var óstöðugur um atvik málsins.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-2/2014 var ákærði sakfelldur og honum gerð 3 ára fangelsisrefsing. Var tekið fram að um væri að ræða þrjú alvarleg brot gegn dætrum hans, brotin hefðu öll verið framin á heimili hans þar sem dætur hans máttu með réttu telja sig öruggar. Ákærði hefði játað brot sín að hluta og var tekið tillit til þess við ákvörðun refsingar. Í séráliti eins dómara sagði að með hliðsjón af játningu ákærða og að teknu tilliti til þeirra ákæruatriða sem hann teldi að sýkna ætti ákærða af væri refsing hæfilega ákveðin 2 ára fangelsi. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar en dómur í málinu er ekki fallinn.

Tæling

Samkvæmt 3. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga varðar það fangelsi allt að 4 árum ef maður tælir barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 61/2007, sem breyttu kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga að miklu leyti, er tekið fram að ákvæði þetta eigi ekki við ef einstaklingar eru svipaðir að aldri, reynslu og þroska.

Með dómi Hæstaréttar, í málinu nr. 712/2013, var S sakfelldur fyrir kynferðisbrot með því að hafa, er hann sjálfur var 19 ára með blekkingum tælt 17 ára dreng, A, í tvö skipti til annarra kynferðismaka en samræðis, en sannað þótti að S hefði talið A trú um að hann myndi greiða honum háar fjárhæðir og sjá til þess að hann myndi ekki missa ökuréttindi sín þrátt fyrir ölvunarakstur ef A hefði við hann kynferðismök. Þá var talið sannað að S hefði haft fulla vitneskju um aldur A er atvik áttu sér stað. Var háttsemi S talin varða við 3. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var refsing S ákveðin fangelsi í átta mánuði. Dómurinn er merkilegur fyrir þær sakir að tæp 3 ár skildu á milli brotþola og ákærða í aldri. Hér var augljóslega litið svo á að ákærði og brotþoli væru ekki svipaðir að reynslu og þroska eins og áskilið er í framangreindri greinargerð, og því talið að ákvæðið ætti við þótt ekki sé fjallað sérstaklega um þetta atriði, hvorki í dómi héraðsdóms né í dómi Hæstaréttar.

Einnig reyndi á tælingu í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 147/2014 vegna ákæru sem ríkissaksóknari gaf út í júní 2013. Þar var H sakfelldur fyrir að hafa, er hann var 17 ára, með net- og símasamskiptum, tælt 15 ára dreng, til að hafa við sig kynferðismök með því að gefa honum vilyrði fyrir bifhjól að launum fyrir þau. Í dóm Hæstaréttar er tekið fram að ljóst þótti að H hafi notfært sér yfirburði aldurs, reynslu og þroska í því skyni að tæla A til kynferðismakanna. Þá var hann einnig sakfelldur fyrir vörslur á einni hreyfimynd sem sýndi barn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Við ákvörðun refsingar var litið til alvarleika brots hans gagnvart A, en að auki að hann hefði ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi, hann hefði verið ungur að aldri er brotið var framið og rannsókn málsins hefði dregist nokkuð. Var refsing H ákveðin fangelsi í sex mánuði, en fullnustu refsingarinnar var frestað skilorðsbundið í tvö ár.

Refsing var ákveðin mun þyngrri í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 502/2013 sem kveðinn var upp sama dag og dómur í máli nr. 147/2014, enda tilvikin mun fleiri og meiri aldursmunur milli ákærða og brotþola. Tælingaraðferðin fólst í því að gefa brotþola gjafir, peninga, loforð um peninga og með því að láta brotþola fá áfengi og fíkniefni í staðinn fyrir kynferðismök. Þá þótti ákærði hafa notfært sér þá yfirburðarstöðu sem hann hafði gagnvart drengum. Í ákæru var því haldið fram að ákærði hafi brotið allt að 15 sinnum gegn brotþola, en það þótti ekki sannað heldur var lagt til grundvallar að skiptin hafi verið sjö talsins sem spönnuðu tímabilið frá febrúar eða mars 2009 til sumars 2010. Við ákvörðun refsingar var m.a. litið til þess að S hefði brotið gróflega gegn A. Hefðu brot hans verið ítrekuð, brotavilji hans einbeittur og hefði honum mátt vera ljóst hversu alvarlegar afleiðingar það hefði fyrir A. Þá hefði S með háttsemi sinni gerst sekur um ítrekað brot í skilningi 205. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til 1., 2. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr., 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga var refsing S ákveðin fangelsi í 18 mánuði, en í ljósi atvika breytti það ekki niðurstöðunni að óhæfilegur dráttur hafði orðið á málinu hjá ákæruvaldinu.

Vændi

Á árinu gaf ríkissaksóknari út 33 ákæru vegna vændiskaupa, þ.e. brota gegn 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu voru allir karlmenn og greiddu þeir á bilinu 10.000 – 35.000 krónur fyrir hvert skipti. Flestum málanna lauk með útivistardómi skv. 1. mgr. 161. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Nauðgun – brot þar sem brotþoli gat ekki spornað við eða skilið þýðingu verknaðarins

Ríkissaksóknari gaf út 4 ákæru fyrir brot gegn 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt ákvæðinu er það nauðgun og varðar allt að 16 ára fangelsi að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.

Í apríl 2013 höfðaði ríkissaksóknari mál gegn manni fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn þroskaskerti konu. Í máli S -54/2013 var ákærða gefið að sök að hafa á tólf mánaða samfelldu tímabili fram til febrúar 2013, að minnsta kosti í þrjú aðgreind skipti í hverjum mánuði, haft samræði við brotþola, með því að notfæra sér andlega fötlun hennar þar sem hún gat ekki spornað við samræðinu eða skilið þýðingu þess vegna fötlunarinnar. Málavextir voru þeir að dóttir brotþola, ákærði og ungur sonur þeirra höfðu flutt inn á heimili brotþola. Brotþoli þurfti á aðstoð að halda vegna fötlunar sinnar. Í málinu lá fyrir að ákærði hafði frá upphafi viðurkennt að hafa haft kynferðismök við brotþola en neitað því að hafa notfært sér andlega fötlun hennar, mökin hafi alltaf átt sér stað með hennar vilja og vitund. Við meðferð málsins fyrir dómi greindi ákærði frá því að hann hefði farið að finna fyrir tilfinningum til brotþola og farið að gefa sig að henni. Mál hefðu þróast þannig að þau hafi tengst meira og meira. Í greinargerð með lögum nr. 61/2007 þar sem kynferðisbrotakafli hegningarlaga var endurskoðaður er rakið að það eitt að hafa kynmök við geðveikt fólk eða aðra sem falla undir ákvæðið sé ekki refsivert heldur það að misnota ástand þess í þessu skyni, sbr. orðalagið „notfærir sér“. Við skilgreiningu á hugtakinu geðveiki verði að styðjast við skilgreiningar hugtaksins í læknisfræði.

Pungamiðja þessa dómsmáls laut því að sanna hvort ákærði hefði notfært sér andlega fötlun brotþola. Brotþoli var yfirheyrð í sérútbúnu herbergi í Dómhúsinu í Reykjavík við meðferð málsins fyrir dómi. Greindi hún þar frá því að hún hefði stundum ekki haft frið fyrir ákærða og hún hafi ekki viljað að hann færi upp á hana. Kvaðst hún hafa sagt honum að hætta þessu en hann hefði aldrei hætta. Hún hefði reynt að slást á móti, ýtt á öxlina á honum en hann rífið í öxlina á henni og sagt henni að fara úr buxunum og leggja á bakið. Spurð um líðan sína þegar ákærði var að eiga við hana samfarir sagði brotþoli að henni hefði fundist að það hræðilegt. Stundum hefði hún meitt sig. Henni liði miklu betur núna af því að hann hafi ekkert farið upp á hana nýlega. Við meðferð málsins var dómkvaddur sálfræðingur til þess að gera sálfræðilegt mat á brotþola. Taldi hann ljóst að brotþoli væri verulega hömluð af þroskaskerðingu sinni, en hún mældist með 56 í greindarvísitölu. Hún hefði takmarkaðan skilning á samskiptum fólks og þyrfti ekki að tala við hana nema í eina mínútu til að gera sér grein fyrir því hve skert hún væri. Hún væri áhrifagjörn, vildi þóknast fólki og auðvelt væri að fá hana til að gera hluti. Ákærði bar fyrir dómi að hann hefði fyllilega verið meðvitaður um að brotþoli væri þroskaheft og sagði hana oft vera eins og fjögurra ára barn. Kynmök hans við brotþola hefðu þó alltaf farið fram með hennar samþykki og oft að hennar frumkvæði. Niðurstaða dóms Héraðsdóms Vesturlands í máli S -54/2013 var að ekki væri unnt að leggja til grundvallar að brotþoli hefði verið fær um að láta upp gilt samþykki fyrir kynmökunum. Hún gerði sér ekki grein fyrir aðstæðum. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem í dómi nr. 355/2014 staðfesti dóm Héraðsdóms Vesturlands um 6 ára fangelsi ákærða.

Ríkissaksóknari höfðaði með ákæru dagsettri 2. apríl 2013 mál á hendur karlmanni fyrir kynferðisbrot gegn fjórum karlmönnum fyrir ítrekaðar nauðganir og kaup á vændi. Brot hans voru framin á margra ára tímabili. Upphaf málsins var að í sjónvarpsþættinum Kastljósi hafði ákærði viðurkennt fjölmörg kynferðisbrot gegn börnum. Í kjölfarið bærust kærur frá þeim brotþolum sem hér um ræðir. Ákærði var í málinu sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn þremur mönnum

með því að hafa í nánar tilgreind skipti haft við þá kynferðismök, en ákærði notfærði sér að mennirnir gátu ekki spornað gegn verknaðinum sökum andlegrar fötlunar enn fremur sem hann fékk þá til kynmaka með peningagreiðslum og eftir atvikum öðrum gjöfum, en þó ekki í hvert sinn. Ákærði var aftur á móti sýknaður af ákæru fyrir brot gegn fjórða brotapolanum þar sem brotin töldust fyrnd. Háttsemi hans var talin varða við 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fram til 4. apríl 2007, er lög nr. 61/2007 tóku gildi, en frá þeim tíma við 2. mgr. 194. gr. sömu laga. Ákærði var hins vegar sýknaður af broti gegn 1. mgr. 206. gr. laganna um vændiskaup þar sem brot hans gegn brotþola A áttu sér stað fyrir 1. maí 2009 þegar lög nr. 54/2009 tóku gildi. Þá var háttsemi ákærða gagnvart brotapolunum B og D talin varða við 2. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hafði auk þess játað kynferðisbrot gegn brotþola C sem talin voru varða við 209. gr. almennra hegningarlaga fram til 4. apríl 2009 og eftir það við 199. gr. laganna. Þar sem meira en fimm ár voru liðin síðan hinum refsiverða verknaði lauk voru brot ákærða gagnvart C hins vegar talin fyrnd og var honum því ekki refsað fyrir þá háttsemi. Brot samkvæmt 209. gr. laga nr. 19/1940 varða fangelsi allt að 4 árum, en fangelsi allt að 6 mánuðum eða sektum ef brot er smávægilegt, en brot samkvæmt 199. gr. laganna varðar fangelsi allt að 2 árum. Brot ákærða voru framin árin 2006 og 2007. Samkvæmt 1. mgr. 81. gr. laga nr. 19/1940 fyrnist sök manns á 5 árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 4 ára fangelsi og telst fyrningarfrestur brota ákærða frá þeim degi, er refsiverðum verknaði lauk. Samkvæmt 4. mgr. sömu lagagreinar rofnar fyrningarfrestur þegar rannsókn sakamáls hefst fyrir rannsóknara gegn sakborningi. Þegar brotþoli kærði brotin til lögreglu 14. janúar 2013 og lögregla bar sakargiftirnar undir ákærða 21. janúar voru liðin meira en 5 ár frá brotum ákærða. Voru brotin því fyrnd þegar málið var höfðað í apríl sl. Í dómi S-256/2013 segir að ákærði hafi verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn þremur mönnum. Brot hans hafi verið alvarleg, mörg og stóðu yfir langt tímabil. Brotavilji ákærða var einbeittur og brot hans beindust að andlega fötluðum mönnum sem treystu honum og litu á hann sem vin sinn. Brot hans samkvæmt ákærulið I voru framin á árunum 1995 til 2008. Var talið að um áframhaldandi samkynja brot hefði verið að ræða og brotin því öll ófyrnd. Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þótti refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sjö ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 9. janúar 2013 kom til frádráttar refsingu. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur með dómi í máli nr. 526/2013.

Með ákæru 13. mars 2013 höfðaði ríkissaksóknari mál á hendur karlmanni fyrir nauðgun, með því að hafa haft samræði við konu en ákærði notfærði sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndruna. Brot ákærða var talið varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Í dómi Héraðsdóms Suðurlands í máli S-185/2013 kemur fram að brotþoli hafi verið á heimili ákærða í samkvæmi og beri henni og vitnum saman um að hún hafi orðið ofurölvi. Þá kom fram að ákærði heimilaði að hún yrði lögð í rúm hans og þar mun hún hafa sofnað ölvunarsvefni. Ákærði fór svo á dansleik en í yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst hann ekki muna eftir því sem gerðist. Hann kvaðst hafa sofnað í herbergi sínu og síðan rankað við sér um morguninn og þá verið í nærbuxum einum fata. Hann hafi skutlað brotþola heim en haft á tilfinningunni að eitthvað hefði gerst. Brotþoli hafi spurt hvað þau hafi verið að gera og hann sagt að hann vissi það ekki. Ákærði neitaði því fyrir dómi að hafa haft samfarir við brotþola, hann kvaðst ekki muna hvernig hann komst heim af ballinu eða hvenær og þá mundi hann ekki hver var í rúminu hans eða hvort hann hafi farið beint upp í rúm.

Brotþoli hafði hins vegar bæði við rannsókn og meðferð málsins fyrir dómi staðið fast við framburð sinn. Hún hafi orðið ofurölvi í afmæli ákærða og síðan ekki munað neitt fyrr en hún vaknaði um sexleytið um morguninn í rúmi ákærða við það að hann hafi verið að hafa samræði við hana. Hafi hún verið í öllum fötum nema nærbuxum. Ákærði hafi skutlað henni heim, þar hafi hún farið í bað, verið hágrátandi og logið að móður sinni að hún hefði verið að rifast við fyrrverandi kærasta sinn. Vinkona brotþola staðfesti fyrir dómi að brotþoli hefði daginn eftir sagt henni að hún hefði vaknað með ákærða ofan á sér. Þá bar tveimur vinum ákærða saman um að ákærði hefði tjáð þeim að þegar hann kom heim af ballinu hafi brotþoli vaknað, þau farið að spjalla saman og kyssast og síðan hafi þau haft samfarir með vilja beggja. Annar vinur ákærða kvað ákærða hafa tjáð sér að þegar hann hafi komið heim af ballinu hafi brotþoli verið í rúminu hans og þau haft samfarir með samþykki beggja. Var í forsendum dómsins litið til nokkurra atriða svo sem að framburður brotþola hafi verið stöðugur og að hún væri mjög trúverðug. Sannað þótti að ölvunarástand hennar hefði verið með þeim hætti að hún var lögð til í rúm ákærða. Þá lágu fyrir framburðir þriggja vina ákærða sem allir báru að hann hafi tjáð þeim að hann hefðu haft samfarir við brotþola umrætt sinn. Þá var einnig litið til þess að í facebook-samskiptum við brotþola neitaði ákærði því ekki að hafa haft samfarir við hana. Þau viðbrögð hans yrðu ekki útskýrð öðruvísi en svo að hann teldi sjálfur að eitthvað hefði gerst á milli þeirra. Þá taldi dómurinn ótrúverðugt að ákærði segðist ekkert muna eftir samskiptum hans og brotþola, en segðist aftur á móti muna eftir því hafa ekið brotþola heim skömmu eftir að hún segist hafa vaknað með ákærða ofan á sér. Einnig hefði ákærði verið óstöðugur í framburði sínum. Við ákvörðun refsingar ákærða var horft til þess að meðferð málsins hafði dregist. Rannsókn málsins hafi verið lokið 22. febrúar 2012 en ákæra gefin út fyrr en 13. mars 2013, tæpum 13 mánuðum eftir að rannsókn málsins lauk. Þá var einnig litið til þess að ákærði var 19 ára gamall þegar hann framdi brot sitt. Þótti refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði en frestað var fullnustu 15 mánaða af refsingunni í tvö ár. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 619/2013 var staðfest sakfelling ákærða en refsing hans var þyngd. Var ákærða gert að sæta fangelsi í tvö ár, en 21 mánuði af refsingunni var frestað skilorðsbundið til tveggja ára, en með vísan til sömu atriða og reifuð voru í dómi Héraðsdóms.

Önnur kynferðismök

Á árinu 2012 og gaf ríkissaksóknari út ákæru í máli sem tengdist samtökunum Hells Angels. Meðal annars var fimm einstaklingum gefið að sök að hafa ruðst í heimildarleysi inn í íbúð konu, beitt hana miklu ofbeldi auk þess sem einn ákærðu stakk fingrum upp í endaparm konunnar og leggöng og klemmdi á milli. Ákærvaldið taldi þessa háttsemi vera nauðgun og falla undir verknaðarlýsingu 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Þar segir að hver sem hafi samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumætri nauðung gerist sekur um

nauðgun og skuli sæta refsingu. Meirihluti Hæstaréttar í máli nr. 521/2012 komst að þeirri niðurstöðu að þessi háttsemi ákærðu hafi haft þann tilgang að meiða brotþola og þegar litið væri til atvika málsins teljist háttsemin ekki til samræðis eða annarra kynferðismaka í skilningi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar hafi verið um afar illyrmislega líkamsárás að ræða sem talin var varða við 2. mgr. 218. gr. laganna.

Dómurinn varð tilefni mikillar umræðu, meðal annars um það hvort það skipti máli varðandi heimfærsluna hver tilgangur geranda var eða hvort horfa eigi hlutrænt á háttsemina og það hvort brotið hafi verið gegn kynfrelsi polandans.

Árið 2013 höfðaði ríkissaksóknari tvö sakamál þar sem ákærðu var gefið að sök sambærileg háttsemi. Í fyrra málinu var maður ákærður fyrir nauðgun og líkamsárás gegn þáverandi sambýliskonu sinni með því að hafa haft önnur kynferðismök en samræði við hana með því að beita hana ofbeldi eða ólögumætri nauðung. Ákærði var sakfelldur fyrir að hafa rífið gat í klofið á buxum sem konan klæddist og sett fingur inn í leggöng hennar, henni að óvörum og gegn hennar vilja. Í kjölfarið hafi hann ýtt við henni, hrinti henni í gólfið, sparkaði þar í maga hennar, tekið hana kverkataki og ýtti henni niður stiga í húsnæðinu og fyrir utan húsnæðið kastað í hana keramik lampa. Afleiðingar árárarinnar voru þær að konan hlaut ýmsa áverka víðsvegar á líkama og 0,5 sm langa rispu eða hrufslár við leghálsopið. Ákærða var jafnframt gefið að sök önnur líkamsárás á konunna og brot gegn valdstjórninni. Í málinu var tekist á um það hvort þessi háttsemi væri nauðgun eða líkamsárás. Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur og Hæstiréttar var sú að um kynferðisbrot væri að ræða. Um þá niðurstöðu segir í dómi Hæstaréttar í máli nr. 757/2013 að ekki hafi komið fram í málinu að það atferli ákærða að setja fingur í leggöng brotþolans hafi verið í öðrum tilgangi en kynferðislegum.

Seinna málið varðar mann sem ákærður var fyrir þrjár nauðganir gegn fyrrum unnustu sinni. Í eitt sinn var honum gefið að sök að hafa haft önnur kynferðismök en samræði við konuna með því að rífa í hár hennar og draga hana niður í sófa þar sem hann hélt henni, tók um höfuð hennar, snéri henni á magann og stakk fingrum í leggöng hennar og endaparm. Með dómi héraðsdóms Norðurlands eystra í máli S-157/2013 var ákærði sakfelldur samkvæmt öllum ákæruliðum. Að því er varðar það tilvik sem reifað er hér að framan komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að enginn skynsamlegur vafi væri á því, að það hafi verið í kynferðislegum tilgangi sem ákærði setti með valdi fingur í leggöng brotþola og endaparm, og hafi þannig brotið gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði var dæmdur til að sæta fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða. Niðurstaða Hæstaréttar í málinu nr. 335/2014 var sú að ákærði var sýknaður af tveimur ákæruliðum en niðurstaða héraðsdóms, vegna þess liðar sem reifaður var, staðfest með vísan til forsendna. Var refsing ákveðin 12 mánaða fangelsi sem skilorðsbundin var að fullu með vísan til ungs aldurs ákærða og með hliðsjón af atvikum öllum í málinu.

Kynferðisbrot og samskiptamiðlar

Á árinu var nokkuð um kynferðisbrot þar sem brotin voru framin í gegnum samskiptamiðla, s.s. Facebook, MSN eða Skype, eða slíkir miðlar notaðir til að setja sig í samband við börn í kynferðislegum tilgangi. Karlmaður á sextugsaldri var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa á árinu 2011 verið í samskiptum á netinu við stúlku fædda árið 1997, fengið hana til að hitta sig í kynferðislegum tilgangi, sótt hana á bifreið sinni og farið með hana heim til sín. Þar sleikti hann kynfæri stúlkunnar og greiddi henni kr. 25.000 fyrir. Var háttsemi hans í ákæru aðallega talin varða við 1. mgr. 202. gr., sbr. 204. gr og 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. að hafa haft kynferðismök við barn undir 15 ára en sýnt af sér gáleysi um aldur barnsins og fyrir að greitt fyrir vændi barns undir 18 ára. Var hann dæmdur fyrir brot samkvæmt nefndum ákvæðum í Héraðsdómi Reykjavíkur og refsing ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Málinu var áfrýjað og með dómi Hæstaréttar í máli nr. 803/2013 var staðfest niðurstaða héraðsdóms um heimfærslu brotanna en refsing ákveðin 10 mánaða fangelsi þar af 8 mánuðir skilorðsbundnir m.a. vegna dráttar í málinu.

Karlmaður fæddur árið 1987 var ákærður fyrir kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum gegn tveimur stúlkum fæddum 1999. Ákærða var gefið að sök að hafa í samskiptum við stúlkurnar á árunum 2011 og 2012 ítrekað sýnt þeim lostugt og ósiðlegt athæfi með því að tala við stúlkurnar á kynferðislegan hátt og hvetja þær til að senda honum kynferðislega myndir af sér. Önnur stúlkann varð við því og sendi ákærða alls 20 ljósmyndir og eina hreyfimynd af sér sem ákærði hafði í vörslum sínum. Þá sendi ákærði stúlkunum klámmyndir af kynfærum sínum en önnur stúlkann opnaði ekki myndirnar. Samskiptin fóru fram í gegnum samskiptavef, með tölvupóstsendingum og vefmyndavél. Voru brotin talin varða við 209. gr., 3. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 210. gr. a almennra hegningarlaga og 99. gr. barnaverndarlaga. Ákærði játaði brot sín og með dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 15. október 2013 var hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi skilorðsbundið til þriggja ára.

Þá voru á árinu gefnar út tvær ákæur á hendur manni fæddum árið 1991 fyrir fjölmörg kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum gegn mörgum stúlkum. Flest brotanna framdi ákærði með aðstoð samskiptamiðla en hann setti sig í samband við ungar stúlkur á MSN, facebook og sambærilegum miðlum og fékk þær til að sýna brjóst sín og kynfæri í gegnum vefmyndavél og talaði við þær á kynferðislegan hátt. Þá reyndi hann að fá sumar stúlkunnar í nektarmyndatöku gegn greiðslu og sumar stúlkunnar hittu ákærða sem tók af þeim kynferðislega myndir eða braut gegn þeim kynferðislega með öðrum hætti. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 548/2013 var ákærði dæmdur í fangelsi í fjögur ár og sex mánuði fyrir brot gegn 12 stúlkum sem vörðuðu við 1. mgr. 194. gr., 199. gr., 2. mgr. 202. gr., 1. mgr. 206. gr., 209. gr., 3. mgr. 210. gr., 1. mgr. 210. gr. a, og 2. mgr. 210. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 auk tilraunar til brota gegn 199. gr., 2. mgr. 202. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga.

Loks var karlmaður á sextugsaldri ákærður fyrir kynferðisbrot og brot á barnaverndarlögum gegn þremur ungum drengjum fæddum árið 1998. Í fyrsta lagi var ákært fyrir kynferðislega áreitni en til vara brot gegn blygðunarsemi og barnaverndarlagabrot, með því að hafa á árinu 2011 í samskiptum við dreng A, í gegnum MSN samskiptaforritið, viðhaft kynferðislegt tal og þannig sært blygðunarsemi drengsins. Þá var honum gefið að sök tvö brot gegn öðrum dreng, B, í fyrsta lagi fyrir kynferðislega áreitni en til vara brot gegn blygðunarsemi og barnaverndarlagabrot, með því að hafa ítrekað á tímabilinu 14. maí til 20. júní 2012, í samskiptum við drenginn í gegnum tölvupóst og á facebook síðu undir röngu nafni, rætt um að hitta drenginn í því skyni að eiga B í gegnum facebook síðu undir sama nafni, viðhaft kynferðislegt tal og mælt sér mót við drenginn næst þegar ákærði færi til R undir lok september, í því skyni að hafa við hann kynferðismök. Að síðust var hann ákærður fyrir að hafa brotið gegn þriðja drengnum, C, í ágúst og september 2012. Annars vegar fyrir kynferðislega áreitni en til vara brot gegn blygðunarsemi og barnaverndarlagabrot, með því að hafa í samskiptum við drenginn á facebook síðu undir röngu nafni þann 31. ágúst og 3. september viðhaft kynferðislegt tal og þannig sært blygðunarsemi drengsins. Hins vegar með því að hafa miðvikudaginn 5. september á heimili drengsins, haft munnmök við drenginn og látið hann hafa við sig endaparmsmök. Ákærði játaði brot sín fyrir dómi. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra uppkvæðnum 24. september 2013 í máli nr. S-102/2013 var ákærði dæmdur í fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Héraðsdómur féllst á með ákærvaldinu að með samskiptum sínum við dreng B þann 10. september 2012 hafi falist brot gegn 4. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Með ákvæðinu, sem er nýtt og tók gildi 27. júní 2012, var sú háttsemi að setja sig í samband við barn á netinu eða gegnum fjarskiptamiðla í því skyni að hafa við barnið samræði eða önnur kynferðismök, eða áreita það kynferðislega, gerð refsiverð. Taldi dómurinn að brot ákærða gegn ákvæðinu væri fullframið með hliðsjón af efni samskiptanna þótt ekki hafi ákærði verði búinn að mæla sér mót við drenginn á ákveðnum stað á ákveðnum tíma.

Ungir gerendur:

Nokkrar ákæru fyrir alvarleg kynferðisbrot ungra drengja voru gefnar út á árinu. Við ákvörðun refsingar í slíkum málum þarf annars vegar að líta til alvarleika brotanna og hins vegar ungs aldurs gerenda, sem í sumum málum eru sjálfir börn, eða undir 18 ára aldri.

Í janúar gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur dreng fæddum 1996 og var honum gefið að sök að hafa í ágúst 2012, er hann var tæplega 16 ára gamall, sett fingur í leggöng og endaparm 9 ára stúlku, sett getnaðarlim sinn í endaparm hennar og við kynfæri og viðhaft samfarahreyfingar og sleikt endaparm stúlkunnar. Héraðsdómur Reykjaness sakfelldi ákærða samkvæmt ákæru. Með hliðsjón af m.a. ungum aldri og hreinum sakarferli var refsing ákveðin 18 mánaða fangelsi. Fyrir lá að ákærði hafi verið í meðferð hjá sálfræðingi eftir atvikið. Með hliðsjón af framburði sálfræðingsins og ungs aldurs var refsing ákærða skilorðsbundin að fullu til fjögurra ára en skilorðsbindingin bundin því sérstaka skilyrði að ákærði sæti á skilorðstímanum sérstakri umsjón og meðferð og var fangelsismálastofnun falið að tilefna umsjónaraðila.

Ákæra var gefin út á hendur öðrum dreng fæddum árið 1996 fyrir að hafa í byrjun desember 2011 haft endaparmsmök við 14 ára stúlku. Þá var honum gefið að sök að hafa í maí 2012 snert brjóst 12 ára stúlku innanklæða, sett fingur í leggöng hennar og látið hana fróa sér, en ákærði taldi stúlkuna fædda árið 1997 en ekki 1999. Loks fyrir að hafa í júlí og ágúst 2012 haft samfarir við 13 ára stúlku. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 15. nóvember 2013 var ákærði dæmdur í 18 mánaða fangelsi skilorðsbundið til tveggja ára. Fram kemur í dómi héraðsdóms að ákærði hafi frá því í ágúst 2012 gengið til sálfræðings og leitast við að ráða bót á óviðeigandi kynhegðun sinni. Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 53/2014 var dómur héraðsdóms staðfestur að því er varðar sakfellingu og ákvörðun refsingar. Ekki voru sett sérstök skilyrði fyrir skilorðsbindingu dómsins.

Maður fæddur árið 1994 var ákærður fyrir kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum gagnvart stúlku fæddri árið 1994 framin á árinu 2011. Var honum gefið að sök að hafa tvisvar áreitt stúlkuna kynferðislega með því að káfa á brjóstum hennar utan klæða. Voru brotin talin varða við 199. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga. Með dómi Héraðsdóms Vestfjarða frá 16. október 2013 var ákærði dæmdur í 30 daga fangelsi skilorðsbundið til tveggja ára. Litið var til þess að hann játaði brot sín, ungs aldurs og hreins sakarferils.

Loks var maður fæddur árið 1993 ákærður fyrir brot gegn stjúpustur sinni, fæddri árið 1999, en brotin voru framin á tímabilinu 15. nóvember 2008 til loka febrúar 2010, þegar ákærði var 15-17 ára. Var honum gefið að sök að hafa ítrekað þuklað innan klæða og utan á kynfærum stúlkunnar og líkama og sett fingur í leggöng hennar. Voru brotin talin varða við 1. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði játaði sök að því frátöldu að hann neitaði að hafa sett fingur í leggöng stúlkunnar. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 16. desember 2013 var ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem hann játaði og dæmdur í 9 mánaða fangelsi en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið til þriggja ára.

3.5 Rán og fjárkúgun

Rán

Á árinu voru 12 einstaklingar ákærðir í 9 ákærum fyrir samtals 10 rán eða ránstílaunir samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga og var sakfelld í öllum tilvikum. Flest voru ránin framin í verslunum, eða samtals fimm. Tvö rán voru framin í heimahúsum. Þá var rán framið á kaffihúsi, í apóteki og á almannafæri, eitt á hverjum stað. Í tveimur tilvikum var líkamlegu ofbeldi beitt ásamt hótun um að beita frekara ofbeldi. Algengast var að ákærðu ógnuðu brotaþolum með vopnum og má sem dæmi nefna hnífa og exi, en einnig má nefna slökkvitæki, girðingarstaur og glerbrot. Í tveimur

tilvikum var brotapolum hótað lífláti. Ákærðu játuðu sök samkvæmt ákæru í samtals sex tilvikum. Eitt mál var enn til meðferðar fyrir héraðsdómi í lok árs.

Hér má finna í dæmaskyni reifun á héraðsdómi þar sem sami aðili var ákærður fyrir tvö ránsbrot.

M var ákærður fyrir að hafa farið inn í verslun með andlit sitt hulið og með plaststykki eða spýtu í hendi og með ógnandi hætti skipað starfsmanni verslunarinnar að opna peningakassa verslunarinnar. M hrifsaði því næst kr. 20.000 úr kassanum og hvarf á brott með þýfið. Einnig með því að hafa degi síðar farið inn í aðra verslun, dregið húfu yfir andlit sér, ógnað starfsmanni verslunarinnar með glerbroti og skipað honum að opna peningakassa. M hrifsaði því næst kr. 31.500 úr kassanum og hvarf á brott með þýfið. M játaði brot sín en hann var einnig sakfelldur fyrir vörslur á litlu magni af maríjúana auk þess sem hann hafði með brotunum rofið skilorð eldri dóms þar sem hann hlaut 30 daga skilorðsbundna refsingu. Var refsing M ákveðin 9 mánaða fangelsi.

Fjárkúgun

Ríkissaksóknari gaf út þrjár ákæur á hendur fjórum mönnum fyrir tilraun til fjárkúgunur, eða brot samkvæmt 251. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Tveimur málanna lauk með dómi héraðsdóms og var sakfelld samkvæmt ákæru.

Í þriðja tilvikinu var M ákærður fyrir að hafa reynt að hafa fé af A og B, samtals að fjárhæð 100.000.000 krónur, með hótunum um að beita A eða nána vandamenn hans líkamlegu ofbeldi, en hótunum var komið á framfæri til A og B bréflaga og með símasamskiptum. M ritaði og póstagði nafnlaust og ódagsett bréf til A, en í bréfinu voru ógnandi greiðslufyrirmæli til A og honum hótað ofbeldi ef hann leitaði til lög-reglu vegna fjár-kröfunnar, þar með talið líf-láti. Í bréfinu var meðal annars tekið fram að nokkrir menn stæðu að baki sendingu þess, að þeir hefðu reynslu af því að hafa fé af fólki sem þeir hefðu valið úr og að A væri einn þeirra sem hefði verið valinn, að þeir hefðu þurft að hrista menn til til að ná fram vilja sínum, að þeir slepptu ekki þeim mönnum sem þeir hefðu valið úr til að greiða þeim fjármuni, að þeir hefðu undan-farið fylgst með A og hefðu því vit-neskju um daglegt líf hans og vanda-manna hans, að þeir vonuðust til þess að þurfa ekki að beina aðgerðum að vanda-mönnum. M reyndi að fylgja fjár-kúguninni eftir með því að senda ógn-andi smá-skilaboð í far-síma A þar sem fram komu fyrirmæli og upplýsingar varð-andi út-vegun og afhendingu fjárisins. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 476/2014 var M sakfelldur samkvæmt ákæru, að því undanskildu að ekki var talið að brotið hafi beinst að B. Var refsing M ákveðin fangelsi í eitt ár en fullnustu níu mánaða af refsingunni var frestað skilorðsbundið í tvö ár.

3.6. Brot gegn valdstjórninni

Ríkissaksóknari gaf á árinu út 55 ákæur þar sem ákært var fyrir brot gegn valdstjórninni, sbr. 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Í 25 ákærum var ákært fyrir brot gegn valdstjórninni auk annarra brota og var þar um að ræða brot gegn lögreglulögum, eignaspjöll, fikniefnalagabrot, kynferðisbrot, líkamsárás, umferðarlagabrot, vopnalagabrot og þjófnað. Ofbeldi og hótanir um ofbeldi og/eða líflát í garð lögreglumanna var sú verknaðaraðferð sem oftast var ákært fyrir.

Í sex málum var ákært fyrir brot gegn öðrum opinberum starfsmanni en lögreglumanni. Var þar um að ræða valdstjórnarbrott sem beindust gegn fangavörðum í Fangelsinu Litla-Hrauni, lækni hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, félagsmálastjóra, starfsmönnum meðferðarheimilis og starfsmönnum Vegagerðarinnar.

Í þeim málum þar sem var sakfelld var refsing oftast ákveðin skilorðsbundið fangelsi að öllu leyti. Hér að neðan eru reifaðir í dæmaskyni tveir héraðsdómar vegna brota gegn valdstjórninni sem uppkveðnir voru á árinu.

R var ákærður fyrir að hafa veist með ofbeldi að lækni í húsnæði Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja með því að slá hann með flötum lófa á hægri kinn með þeim afleiðingum að læknirinn hlaut mar yfir hægra kinnbeini og tognun í hálsi. Ákærði játaði sök fyrir dómi. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-655/2013 var ákærði dæmdur í eins mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára.

M var ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa í Fangelsinu Litla - Hrauni veist með ofbeldi að fangaverði og slegið hann í höfuðið. Ákærði játaði sök fyrir dómi en hann hafði skömmu áður hlotið dóm vegna ofbeldisbrots sem valdstjórnarbrotið var ítrekun við og hafði því áhrif á ákvörðun refsingar í málinu. Með dómi Héraðsdóms Suðurlands í máli nr. S-261/2013 var ákærði dæmdur í átta mánaða óskilorðsbundið fangelsi.

Hæstiréttur kvað upp fjóra dóma á árinu 2013 vegna valdstjórnarbrota. Þrír dómanna voru vegna mála sem ákært var fyrir á árinu 2012.

3.7. Brot í opinberu starfi

Fjórar ákæur voru gefnar út á árinu 2013 vegna brots í opinberu starfi sbr. XIV. kafli almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sakfelld var í öllum málunum í héraðsdómi en einu var áfrýjað til Hæstaréttar sem þyngdi refsingu Héraðsdóms.

Ríkissaksóknari gaf 31. janúar 2013 út ákæru á hendur G fyrir brot í opinberu starfi með því að hafa, sem bréfberi hjá Íslandspósti hf., í fjögur skipti á tímabilinu ágúst fram í október árið 2011 opnað bréf sem honum var falið að bera í hús og tekið úr þeim kreditkort og notað kortin í fjögur skipti til að svíkja út vörur og þjónustu í verslunum og eitt skipti að auki notað eitt kreditkortanna til að taka staðgreiðslán til kaupa á tölvu, og hafa þá falsað nafn réttis korthafa undir skjöl. Samtals nam verðmæti þess sem maðurinn náði út um 800 þúsund krónum. Voru brotin talin varða við 137. gr., 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Héraðsdómur Reykjaness kvað 12. apríl 2013 upp dóm í málinu sem er númer S-82/2013 og var ákærði G sakfelldur og dæmdur í fimm mánaða fangelsi, en refsingin var skilorðsbundin að öllu leyti. Auk þess var hann dæmdur til greiðslu skaðabóta. Dómi héraðsdóms var ekki áfrýjað.

Ríkissaksóknari gaf 21. febrúar 2013 út ákæru á hendur fyrrverandi umdæmisstjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Mósambík. Var honum gefið að sök að hafa á tímabilinu frá 14. september 2006 til 7. janúar 2010 í starfi sínu fyrir stofnunina dregið sér rúmar 14,6 milljónir króna af fé hennar. Voru brotin talin varða við 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað 29. apríl 2013 upp dóm í málinu sem er nr. S-145/2013, og var ákærði sakfelldur og dæmdur til að sæta fangelsi í 15 mánuði en 12 mánuðir voru skilorðsbundnir. Skaðabótakröfu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands var vísað frá dómi. Dómi héraðsdóms var ekki áfrýjað.

Ríkissaksóknari gaf 28. ágúst 2013 út ákæru á hendur lögreglumanni við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir líkamsárás og brot í opinberu starfi í tengslum við handtöku á konu á Laugavegi 7. júlí sama ár. Umfjöllun um málið var nokkur í fjölmiðlum en á myndbandi sem þar var sýnt mátti sjá lögreglumanninn stíga út úr lögreglubifreið og snúa konuna niður. Við þessar aðfarir féll hún með bakhlutann á bekkarm og þaðan í götuna, dró lögreglumaðurinn konuna stuttan spöl eftir götunni en lagðist síðan með hægra hné á hnakka hennar meðan hún var handjárnuð, án þess að aðstæður krefðust þess. Að lokum var konan sett á magann með höfuðið á undan inn á gólf lögreglubifreiðar. Ástæða handtökunnar var sú að konan hafði hrækt í andlit lögreglumannsins. Lögreglumaðurinn var sakfelldur en hann áfrýjaði dómnum og þyngdi Hæstiréttur refsingu hans úr 300 þúsund króna sekt í 30 daga skilorðsbundið fangelsi. Mál Hæstaréttar er nr. 102/2014. Brotin voru talin varða við 132. gr. og 217. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Konan var ákærð fyrir að hafa hrækt í andlit lögreglumannsins og hlaut hún sömu refsingu og hann með dómi héraðsdóms.

Ríkissaksóknari gaf 31. október 2013 út ákæru á hendur fyrrverandi fjármálastjóra Háskóla Íslands fyrir fjárdrátt, en til vara umboðssvik, með því að hafa á tímabilinu frá febrúar 2007 til desember 2011 keypt vöru og greitt fyrir þjónustu í eigin þágu í 59 skipti að andvirði um 1,4 milljónir króna og greitt fyrir með kreditkortu í eigu HÍ, og fyrir fjársvik en til vara fjárdrátt, með því að hafa í átta skipti á tímabilinu frá apríl 2009 til janúar 2012 blekkt gjaldkera HÍ til að greiða reikninga sem voru skólanum óviðkomandi samtals að fjárhæð um 7,7 milljónir króna. Héraðsdómur Reykjaness kvað 6. janúar 2014 upp dóm í málinu sem er nr. S-930/2013 og var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 138. gr. og 249. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og dæmdur til að sæta 9 mánaða fangelsi og voru 6 mánuðir skilorðsbundnir. Dómi héraðsdóms var ekki áfrýjað.

4. kafli

Erlent samstarf

4.1. Samstarf ríkissaksóknara Norðurlandanna

Árlegur fundur ríkissaksóknara á Norðurlöndum var haldinn á Skáni í Svíþjóð 19. – 21. ágúst 2013. Á fundinum var farið yfir ýmis málefni svo sem hvernig halda ætti uppi fullnægjandi réttarvernd þrátt fyrir minnkandi fjárheimildir ákærvaldsins, aðferðir við mat á gæðum ákærvalds, reynsla af meðferð á 22. júlí málinu í Útey í Noregi, takmarkanir á réttindum gæsluvarðhaldsfanga, nafnleynd vitna fyrir dómi, höfundarréttarbrot og meðferð kynferðisbrota.

4.2. Evrópska réttaraðstoðin (Eurojust)

Hinn 2. desember 2005 undirritaði dómsmálaráðherra fyrir Íslands hönd samstarfssamning við Evrópsku réttaraðstoðina, Eurojust, sem hefur aðsetur í Haag. Eurojust er ætlað að styðja við rannsókn og saksókn mála sem varða alvarlega fjölþjóðlega brotastarfsemi. Meginhlutverk stofnunarinnar er að efla samvinnu og auðvelda samræmingu aðgerða saksóknara og lögreglu yfirvalda þegar mál varða fleiri en eitt aðildarríki. Ríkissaksóknari annast samskipti við Eurojust af Íslands hálfu. Starfsemi Eurojust er stjórnad af stjórnarnefnd (college) sem er skipuð fulltrúa frá hverju aðildarríki Evrópusambandsins. Nefndarmenn eru ákærndur og er þeim ætlað að auðvelda samráð og upplýsingaskipti milli yfirvalda í aðildarríkjunum og greiða þannig fyrir rannsókn og saksókn mála. Gert er ráð fyrir því að íslenskur saksóknari vinni með stjórnarnefndinni að málum sem kunna að koma upp og varða Ísland. Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari er tengiliður ríkissaksóknara við Eurojust.

4.3. European Judicial Network

European Judicial Network (EJN) er heiti samstarfs dómsmálayfirvalda Evrópusambandsríkja, með skrifstofu í Haag, sem felur í sér að tilnefndir eru tengiliðir, ákærndur í aðildarríkjunum, til að auðvelda samskipti við meðferð sakamála sem teygja sig til fleiri landa. Reglulegir fundir eru haldnir tvisvar á ári. Fundirnir voru ekki sóttir af hálfu ríkissaksóknara þetta árið vegna anna. Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari er tengiliður ríkissaksóknara við EJN og jafnframt aðaltengiliður íslenskra yfirvalda við EJN, en fulltrúar frá embætti sérstaks saksóknara og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu eru jafnframt tengiliðir í samstarfinu.

4.4. Evrópusamstarf ríkissaksóknara

Á vettvangi Evrópuráðsins hefur verið komið á fót ráðgefandi nefnd um málefni ákærvaldsins Consultative Council of European Prosecutors – CCPE. Eitt meginmarkmið nefndarinnar er að framfylgja tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins frá október 2000 um hlutverk ákærvaldsins í réttarvörslukerfinu (Rec (2000)19). Fundur CCPE var að þessu sinni haldinn í Yerevan í Armeníu, 8. – 9. október 2013, voru þar samþykkt drög að ályktun um samskipti ákærvaldsins og fjölmiðla nr. 8/2013. Drögin eru síðan lögð fyrir ráðherranefnd Evrópuráðsins til staðfestingar. Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari er fulltrúi ríkissaksóknara í þessu samstarfi.

Eurojustice

Árleg ráðstefna ríkissaksóknara í Evrópu, Eurojustice, var ekki sótt af ríkissaksóknara árið 2013.

4.5. Alþjóðasamtök saksóknara (IAP)

Ríkissaksóknari er í Alþjóðasamtökum saksóknara, International Association of Prosecutors (IAP). Samtökin voru stofnuð í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í Vín árið 1995 og er skrifstofa þeirra í Haag. Samtökin eiga áheyrnarfulltrúa á fundum Evrópuráðsins sem varða málefni ákærvaldsins og á fundum efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Þau standa árlega fyrir ráðstefnum, fundum og námskeiðum um refsiréttar- og réttarfarsmálefni. Þá gefa samtökin út fréttabréf um rannsókn og saksókn í tilteknum brotaflokkum. Árleg alþjóðaráðstefna IAP var haldin í Moskvu, í Rússlandi 8. - 9. september 2013. Þá eru haldnir staðbundnari fundir svo sem innan Evrópu, fyrir félaga á því svæði.

4.6. Beiðnir um framsal sakamanna og réttaraðstoð

Samkvæmt lögum nr. 13/1984 um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum sendir innanríkisráðuneytið ríkissaksóknara beiðnir erlendra ríkja um framsal sakamanna. Ríkissaksóknara ber að sjá um að nauðsynleg rannsókn fari fram og sendir síðan ráðuneytinu gögn málsins ásamt álitsgerð um það. Ráðuneytið tekur í framhaldinu ákvörðun um framsal. Ríkissaksóknari sækir einnig framsalsmál fyrir dómi, komi til þess að viðkomandi skjóti ákvörðun ráðuneytisins til dóms.

Á árinu 2013 bárust ríkissaksóknara sex framsalsmál, sem lauk þó ekki öllum á árinu. Þrjú málanna stöfuðu frá Póllandi, tvö frá Lettlandi og eitt frá Kýpur.

Árið 2013 bárus 26 beiðnir til embættis ríkissaksóknara frá erlendum yfirvöldum um aðstoð við rekstur sakamála (beiðnir um réttaraðstoð). Innanríkisráðuneytið sendir ríkissaksóknara beiðnir þessar samkvæmt lögum nr. 13/1984 og hlutast ríkissaksóknari til um að rannsókn fari fram. Þá sendir ríkissaksóknari innanríkisráðuneytinu gögn málsins ásamt álitserð að rannsókn lokinni. Beiðnirnar sem bárust á árinu voru af ýmsum toga en í mörgum þeirra var óskað eftir skýrslutökum, annað hvort af vitnum eða sakborningum.

4.7. Norræn handtökuskipun

Þann 16. október 2012 gengu í gildi lög nr. 12/2010 um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræn handtökuskipun). Með lögnum gekk í gildi nýtt kerfi hér á landi og leystu þau af hólmum lög nr. 7/1962 um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, en fram að því höfðu gilt sérlög um framsal milli þessara ríkja gagnvart hinum almennu framsalslögum nr. 13/1984. Eins og segir í almennum athugasemdum í greinargerðinni sem fylgdi frumvarpinu að lögum nr. 12/2010 er afhendingarkerfinu ætlað að vera einfaldara og skilvirkara um afhendingu sakamanna milli Norðurlandarákjanna en var með framsalskerfinu og byggjast lögin á samningi milli ríkjanna um afhendingu vegna refsiverðrar háttsemi milli Norðurlandanna, sem undirritaður var 15. desember 2005. Í greinargerðinni segir að samningurinn byggist á afnámi framsalskerfisins, sem var valkvætt um framsal, og upptöku fyrirkomulags um afhendingu þar sem byggt er á gagnkvæmri viðurkenningu á ákvörðunum dómsmálayfirvalda ríkjanna. Er kerfi norrænnar handtökuskipunar sambærilegt hinu evrópska kerfi um evrópska handtökuskipun, en það hefur ekki tekið gildi hér á landi.

Með hinu nýja kerfi kemur norræn handtökuskipun í stað venjubundinnar framsalsbeiðni og skylda er á ríkinu sem móttækur norræna handtökuskipun að handtaka og afhenda eftirlýstan mann ríkinu sem gaf handtökuskipunina út, nema til staðar séu nánar tilgreindar synjunarástæður. Þá er það nýtt í afhendingarkerfinu að ráðuneyti dómsmála koma ekki að málum heldur er miðað við að ákærvaldið, eða önnur stjórnvöld sem tilnefnd eru, skuli gefa handtökuskipunina út, taka á móti og fjalla um hana og taka ákvörðun um hvort að orðið skuli við afhendingu eða ekki. Ef eftirlýstur maður samþykkir ekki afhendingu ber að leggja norrænu handtökuskipunina fyrir dómstól sem úrskurðar um hvort skilyrði afhendingar eru fyrir hendi. Samkvæmt lögum nr. 12/2010 hefur ríkissaksóknari það hlutverk að taka á móti og hafa til meðferðar mál vegna norrænna handtökuskipana, þ.m.t. að taka ákvörðun um afhendingu og reka mál fyrir dómi. Þá er útgáfa norrænnar handtökuskipunar til annarra ríkja í höndum ríkissaksóknara. Segja má að með þessu sé til kominn nýr málaflokkur hjá ríkissaksóknara og búast má við að með þessu einfaldara og skilvirkara kerfi muni málum um afhendingu manna milli Íslands og annarra Norðurlanda fjölga frá því sem var í gildistíð framsalslaganna nr. 7/1962.

Á árinu 2013 voru þrjár norrænar handtökuskipanir til meðferðar hjá ríkissaksóknara. Varðaði ein þeirra kröfu ríkissaksóknara um handtöku íslensks ríkisborgara í Danmörku í tengslum við svo kallað Stokkseyrarmál sem fjallað er um í ársskýrslu þessari. Tvær norrænar handtökuskipanir bárust ríkissaksóknara frá dönskum yfirvöldum sem vörðuðu íslenska ríkisborgara. Í öðru tilfallinu var um að ræða íslenska barnsmóður dansks manns, sem dönsk yfirvöld höfðu ákveðið handtöku á vegna brota tengd umgengnisrétti, en hún fór í heimildarleysi með dætur sínar til Íslands frá Danmörku og braut gegn forræði föður þeirra. Mál þetta var til umfjöllunar í fjölmiðlum í lok árs 2013 og upphafi 2014. Orðið var við afhendingu í báðum þessum tilfellum af hálfu ríkissaksóknara.

5. kafli

Löggjafarmálefni

5.1. Almenn hegningarlög

Með lögum nr. 37/2013, sem tóku gildi 9. apríl 2013, varð breyting á þeim ákvæðum almennra hegningarlaga sem taka til brota sem framin eru í trúnaðarsambandi geranda og barns, þ.m.t. þegar brot beinist gegn barni eða öðrum niðja geranda. Í athugasemdum með frumvarpinu, sem samið var af refsiréttarnefnd að tilstuðlan innanríkisráðherra, kemur m.a. fram að hér á landi hafi verið litið alvarlegri augum á þau brot þar sem um slíkt trúnaðarsamband er að ræða. Hins vegar þótti rétt að gera þau ákvæði almennra hegningarlaga sem um ræðir, þ.e. 200.-202. gr., skýrari og í samræmi við réttarframkvæmd á þessu sviði. Þá var refsing einni þyngd hvað varðaði sum brotanna.

5.2. Endurupptökunefnd

Með lögum nr. 15/2013, sem samþykkt voru á Alþingi 20. febrúar 2013, varð sú breyting á meðferð mála þar sem farið er fram á endurupptöku óáfrýjaðs máls (héraðsdóms) eða máls sem dæmt hefur verið í Hæstarétti, að sjálfstæð stjórnsýslustofnun, endurupptökunefnd, tekur ákvörðun um það hvort orðið skuli við beiðni um endurupptöku. Skilyrði fyrir endurupptöku breyttust ekki með lagasetningunni. Fyrir breytinguna var það Hæstiréttur sem fjallað um beiðni um endurupptöku dæmdra mála. Fallist endurupptökunefnd á beiðni um endurupptöku máls fellur fyrri dómur úr gildi, nema nefndin ákveði að réttaráhrif hans haldist þar til nýr dómur hefur verið kveðinn upp.

5.3. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Með lögum nr. 19/2013, sem tóku gildi, 13. mars 2013, öðlaðist samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, lagagildi á Íslandi. Markmið laganna er að styrkja stöðu mannréttinda barna. Við gildistöku laga nr. 19/2013 voru gerðar breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og lögum um fullnustu refsinga nr. 49/2005 þannig að eftirfarandi ákvæði bættist við 14. gr. laganna: „Fangar sem eru undir 18 ára aldri skulu vistaðir á heimili á vegum barnaverndaryfirvalda, nema sérstakar ástæður séu til að vista þá í fangelsi. Um slíka vistun gilda ákvæði laganna eins og við á. Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd vistunar samkvæmt þessari málsgrein.“

5.4. Rannsókn samgönguslysa

Með lögum nr. 18/2013, sem tóku gildi 1. júlí 2013, var rannsókn allra samgönguslysa, þ.e. samgönguslysa í lofti, á sjó og á landi, færð til einnar stofnunar, rannsóknarnefndar samgönguslysa. Áður höfðu rannsóknirnar farið fram hjá rannsóknarnefndum sjó-, flug- og umferðarslysa. Um markmið laganna er fjallað í 1. gr., en þar segir:

„Markmið laga þessara er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsókn samkvæmt lögum þessum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa.“

Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við samgönguslys fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála og er slík rannsókn óháð rannsóknnum rannsóknarnefndar samgönguslysa samkvæmt lögum þessum.

Þegar við á skulu rannsóknir samkvæmt lögum þessum einnig ná til fyrirkomulags tilkynninga um slys, til leitar, þjörgunaraðgerða og annarra tengdra aðgerða sem ætlað er að draga úr afleiðingum slysa.“

5.5. Dýravernd

Með lögum um búfjárhald nr. 38/2013 og lögum um velferð dýra nr. 55/2013, sem samþykkt voru á Alþingi á árinu 2013 en tóku gildi 1. janúar 2014, var leitast við að auka vernd og velferð dýra og koma í veg fyrir illa meðferð þeirra, m.a. með setningu refsíákvæða. Um markmið laga um velferð dýra segir í 1. gr.:

„Markmið laga þessara er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.“

5.6. Umsagnir um lagafrumvörp o.fl.

Árið 2013 bárust ríkissaksóknara 22 lagafrumvörp til umsagnar. Eftirgreind sjö frumvörp gáfu tilefni til athugasemda/ umsagnar af hálfu ríkissaksóknara:

Frumvarp til laga um náttúruvernd (heildarlög), 429. mál.

Frumvarp til laga um breyt. á almennum hegningarlögum (kynferðisbrot gegn börnum innan fjölskyldu), 478. mál.

Frumvarp til laga um velferð dýra (heildarlög), 283. mál.

Frumvarp til laga um búfjárhald, 282. mál.

Frumvarp til almennra hegningarlaga (öryggisráðstafanir o.fl.), 420. mál.

Frumvarp til laga um útlendinga (heildarlög, EES-reglur), 541. mál.

Frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara (heildarlög), 453. mál.

Umsagnirnar er að finna á vef Alþingis.

**Sex tillögur til þingsályktunar bástust embættinu frá Alþingi árið 2013.
Ríkissaksóknari veitti umsögn um eftirgreinda tillögu:**

Tillaga til þingsályktunar um hert viðurlög við ölvunar- og vímuefnaakstri, 182. mál. Umsögnina er að finna á vef Alþingis.

6. kafli

Starfsmenn ríkissaksóknara

Löglærðir starfsmenn við embætti ríkissaksóknara voru þann 31. desember 2013:

Sigríður J. Friðjónsdóttir, ríkissaksóknari
Helgi Magnús Gunnarsson, vararíkissaksóknari
Daði Kristjánsson, saksóknari
Kolbrún Benediktsdóttir, saksóknari
Hulda Elsa Björgvinsdóttir, saksóknari
Hulda María Stefánsdóttir, saksóknari (í leyfi)
Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir, settur saksóknari
Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir, aðstoðarsaksóknari
Einar Tryggvason, aðstoðarsaksóknari
Óli Ingi Ólason, aðstoðarsaksóknari
Marín Ólafsdóttir, aðstoðarsaksóknari
Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, aðstoðarsaksóknari

Fimm starfsmenn voru á skrifstofu embættisins:

Jenný Heiða Björnsdóttir, skrifstofustjóri
Sigríður Einarsdóttir Laxness, ritari
Kristín Herdís Bjarnadóttir, ritari
Sólrún Guðmundsdóttir, ritari
Sigríður Ásta Klörudóttir, ritari

Samkvæmt framangreindu voru 17 starfsmenn við embætti ríkissaksóknara þann 31. desember 2013, 13 konur og 4 karlar.

7. kafli

Siðareglur ákærenda

Að tilhlutan Evrópuráðsins hefur Ráðstefna evrópskra ríkissaksóknara samþykkt leiðbeinandi siðareglur fyrir ákærendur.

Ráðstefna evrópskar saksóknara

(Þýðing úr ensku)

EVROPURÁÐIÐ

Strasbourg, 31. maí 2005.

RÁÐSTEFNA EVRÓPSKRA RÍKISSAKSÓKNARA

6. FUNDUR

skipulagður af Evrópuráðinu í samvinnu við ríkissaksóknara Ungverjalands

Búdapest, 29.-31. maí 2005

Hús Þjóðþingsins
Hótel Margitsziget Termál

EVRÓPSKAR LEIÐBEININGARREGLUR UM SIÐI OG BREYTNÍ OPINBERRA ÁKÆRENDA

„BÚDAPESTREGLURNAR“

Samþykktar af ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara 31. maí 2005
<http://www.coe.int/prosecutors/>

Inngangur

1. Opinberir ákærendur fara með lykilhlutverk í refsivörslukerfinu, og í sumum löndum eru þeim enn fremur falin ýmis önnur verkefni, svo sem á sviði viðskipta, einkamálaréttar eða stjórnsýsluréttar, sem almennum gæslumönnum laga og réttar.
2. Með þetta í huga hefur Ráðstefna evrópskra ríkissaksóknara sannfærst um að hvetja beri til þess að opinberum ákærendum séu skilgreindar sameiginlegar meginreglur, og hefur ráðstefnan á allsherjarfundi sínum í Búdapest í maí 2005 samþykkt eftirfarandi leiðbeiningarreglur um siði og breytni opinberra ákærenda.
3. Samkvæmt tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu, sem er grundvallarskjal Ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara, fara opinberir ákærendur með opinbert vald og tryggja fyrir hönd samfélagsins og í almannabágu að lögum sé beitt þegar brot gegn þeim hefur í för með sér refsiviðurlög, og taka þeir í því starfi tillit til bæði réttinda hins einstaka manns og nauðsynlegrar skilvirkni refsivörslukerfisins.
4. Í öllum refsivörslukerfum ákveða opinberir ákærendur hvort sakamál skuli höfðað eða því haldið áfram, sækja mál fyrir dómstólum, og geta enn fremur áfrýjað dómsúrlausnum, sumum eða öllum.
5. Leiðbeiningarreglurnar eru ekki bindandi fyrir handhafa ákæruvalds í hinum einstöku löndum, heldur ber að líta svo á að þær setji fram almenn meginsjónarmið sem yfirleitt er fallist á hvað snertir störf opinberra ákærenda, og sem telja má að feli í sér leiðbeiningar innanlands um álitafni er varða siðferðilega rétta breytni og áþekk atriði.
6. Í leiðbeiningarreglunum eru sett fram viðmið um hátterni og starfshætti sem krafist er af öllum ákærendum er starfa hjá eða á vegum handhafa opinbers ákæruvalds.
7. Til að tryggja að opinberum ákærendum sé unnt að fullnægja starfsskyldum sínum sjálfstætt og í samræmi við leiðbeiningarreglur þessar minnir ráðstefnan á þau öryggisatriði sem fjallað er um í 4.-10. lið tilmæla nr. (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu.

I. Grundvallarskyldur

Opinberum ákærendum ber ávallt, hvernig sem á stendur

- að vinna störf sín, þar á meðal að sinna skyldu sinni til aðgerða, í samræmi við viðeigandi landslög og alþjóðalög,
- að vinna störf sín af sanngirni, hlutleysi og samkvæmni, og með hæfilegum hraða,
- að virða, vernda og halda uppi manngretri reisu og mannréttindum,
- að taka tillit til þess að þeir starfa fyrir hönd samfélagsins og í þágu almannahags,
- að leitast við að ná sanngjörnu jafnvægi milli almennra samfélagshagsmuna og hagsmuna og réttinda einstaklingsins.

II. Almennt um faglega breyttni

Opinberum ákærendum ber ávallt að gera hæstu faglegar kröfur, og

- a. ávallt gæta heiðurs og virðingar starfs síns,
- b. ávallt sýna faglega breyttni,
- c. ávallt gæta ýtrustu krafna hvað snertir heiðarleika og vandvirkni,
- d. vinna störf sín á grundvelli mats síns á atvikum og lögum samkvæmt, án nokkurra óviðkomandi áhrifa,
- e. halda sér vel upplýstum og viðhalda starfsfærni sinni og þekkingu á lagalegri og félagslegri framvindu,
- f. kappkosta að vera hlutlausir og vera reyndir að því að gæta hlutleysis og samræmis í störfum, þar á meðal með því að setja fram og birta almennar leiðbeiningarreglur, meginreglur og viðmið eins og fjallað er um í lið 36 a í tilmælum nr. Rec (2000) 19 til leiðsagnar við störf sín sem einstaklingar og sem heild, og stuðla þar sem það á við að umræðum og hópstarfi,
- g. vinna störf sín af sanngirni og án ótta, vildar eða fordóma,
- h. leiða hjá sér einstaklingsbundna og hópbundna hagsmuni og þrýsting frá almenningi eða fjölmiðlum,
- i. virða jafnrétti allra fyrir lögum og sýna engum mismunun á grundvelli atriða á borð við kynferði, kynþátt, hörundslit, tungu, trú, stjórnmalaskoðun eða aðrar skoðanir, kynhneigð, þjóðernislegan eða félagslegan uppruna, tengsl við þjóðernisminnihluta, eignir, ætterni, heilsufar, fötlun eða aðra stöðu,
- j. virða trúnað um það sem leynt á að fara í starfi,
- k. hafa í huga sjónarmið, réttmæta hagsmuni, einkalíf og hugsanleg áhyggjuefni fólks sem þeir kunna að hafa afskipti af í starfi,
- l. leitast við að tryggja að einstaklingum séu á fullnægjandi hátt kynnt réttindi sín og réttarstaða, að því marki sem það fellur undir verkvið opinbers ákærandu,
- m. koma fram í dómi og gagnvart lögreglu og öðrum yfirvöldum, svo og gagnvart öðrum í stétt lögmannna, af virðingu og kurteisi,
- n. veita aðstoð opinberum ákærendum og yfirvöldum í öðrum löndum samkvæmt lögum og til að stuðla sem mest að alþjóðlegri samvinnu,
- o. leyfa ekki persónulegum eða fjárhagslegum hagsmunum opinbers ákærandu, eða fjölskyldutengslum, félagslegum tengslum eða öðrum tengslum hans, að hafa áhrif á breyttni hans í starfi. Sérstaklega ber þeim ekki að vinna störf opinbers ákærandu í málum þar sem þeir, skyldmenni þeirra eða félagar í viðskiptum hafa persónulegra, einstaklingsbundinna eða fjárhagslegra hagsmuna eða tengsla að gæta.

III. Fagleg breyttni varðandi rekstur refsímála

Í starfi er varðar rekstur refsímáls ber opinberum ákærendum ávallt að

- a. virða grundvallarregluna um réttláta málsmeðferð eins og hún kemur fram í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu,
- b. rækja störf sín af sanngirni og hlutleysi, málefnalega, og sjálfstætt innan þess ramma sem lög kunna að kveða á um,
- c. leitast við að tryggja að refsivörslukerfið starfi eins greiðlega og unnt er og í samræmi við kröfur réttvísinnar,
- d. virða þá reglu að maður telst saklaus þar til sekt hans er sönnuð,
- e. leitast við að tryggja að allar nauðsynlegar og eðlilegar rannsókir og athuganir fari fram eða hafi farið fram áður en ákvarðanir eru teknar um að höfða mál eða höfða ekki mál, eða aðrar ákvarðanir sem kunna að hafa áhrif á gang réttvísinnar,
- f. taka tillit til allra viðeigandi aðstæðna í máli, þar á meðal þeirra sem varða hinn grunaða, hvort sem þær eru honum í hag eða í óhag,
- g. höfða ekki mál og halda ekki máli til steitu þegar hlutlaus rannsókn sýnir að sakargift er ekki á rökum reist,
- h. sækja mál af ákveðni en sanngirni, og ekki umfram það sem sönnunargögn benda til,
- i. athuga möguleg sönnunargögn með tilliti til þess hvort þeirra hafi verið löglega aflað,
- j. hafna notkun sönnunargagna sem með rökum má telja að hafi verið aflað ólöglega þannig að alvarlega hafi verið brotið gegn mannréttindum hins grunaða eða annarra, nema gegn þeim sem það gerði,
- k. leitast við að tryggja að til viðeigandi aðgerða sé gripið gegn þeim sem slíkum aðferðum hafa beitt,
- l. gæta reglunnar um jafna stöðu málsaðila, sérstaklega með því að veita hinum ákærða eða verjanda hans upplýsingar að því marki sem lög leyfa og samræmist réttlátri málsmeðferð,
- m. taka réttmætt tillit til hagsmuna vitna og brotáþola,
- n. aðstoða dóminn við að komast að réttlátri niðurstöðu,
- o. taka ákvarðanir á grundvelli óhlutdrægs og faglegs mats á þeim sönnunargögnum sem fyrir hendi eru.

IV. Breytni í einkalífi

- a. Opinberir ákærendur mega með athöfnum í einkalífi sínu hvorki stefna í hættu heiðarleika ákæruvaldsins, réttssýni þess eða óhlutdrægni, né þeirri ímynd heiðarleika, réttssýni og óhlutdrægni sem það kann að njóta.
- b. Opinberir ákærendur skulu ávallt virða lög og hlýða lögum.
- c. Opinberum ákærendum ber að sýna breytni sem stuðlar að og heldur við trausti almennings á starfi þeirra.
- d. Opinberir ákærendur mega ekki nýta upplýsingar sem þeir kunna að hafa haft aðgang að í starfi sínu með óréttmætum hætti í þágu einstaklingsbundinna hagsmuna þeirra sjálfra eða annarra.
- e. Opinberir ákærendur mega ekki veita viðtöku neinum gjöfum, verðlaunum, hlunnindum, fyrirgreiðslum eða þægindum frá þriðja aðila eða vinna nein þau verk sem telja má að stefni í hættu heiðarleika þeirra, réttssýni og óhlutdrægni.

¹ Leiðbeiningarreglur þessar sækja einkum fyrirmyndir til

- Evrópusamnings um vernd mannréttinda og mannfrelsis,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 10 um siðareglur fyrir opinbera starfsmenn,
- Leiðbeiningarregluna um störf saksóknara, samþykktar af 8. þingi Sameinuðu þjóðanna um fyrirbyggingu afbrota og meðferð sakamanna (Havana, 27. ágúst til 7. september 1990),
- annarra viðeigandi siðareglna og starfsreglana sem lagðar hafa verið til eða samþykktar af opinberum aðilum eða samtökum einkaaðila og alþjóðlegum samtökum.



Ríkissaksóknari • Hverfisgötu 6 • 150 Reykjavík • sími 530 1600 • www.rikissaksoknari.is